



RAFÍÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS

SKÝRSLA 2006

**SKÝRSLA MIÐSTJÓRNAR UM STARFSEMINA
STARFSÁRIÐ FRÁ APRÍL 2006 - APRÍL 2007.
Lagt fram á 16. þingi Grand hótél Reykjavík 27. – 28. Apríl 2007**

Miðstjórn RSÍ kosin á 15. þingi RSÍ 2003 með áorðnum breytingum á kjörtímabilinu

Framkvæmdastjórn:

Formaður: Guðmundur Gunnarsson
Varaformaður Helgi Jónsson
Ritari: Haukur Ágústsson
Gjaldkeri: Þórunn S. Jónsdóttir/ Björn Ágúst Sigurjónsson
Meðstj. Grétar Guðmundsson

Aðalmenn miðstjórn	Varamenn
Andri Jóhannesson FRV	Arnar Guðlaugsson FNÍR
Anna Melsted FTR	Borgþór Hjörvarsson FÍR
Anna Nína Stefnisdóttir FÍS	Brynjart Hermannsson RFN
Einar Kristinsson FSK	Davíð E. Sigmundsson FRV
Frosti Frostason FÍR	Eyjólfur Ólafsson FRV
Georg Georgsson RFS	Guðrún S. Bergþórsdóttir FÍS
Helgi Einarsson FNÍR	Haflíði Sívertsen FTR
Jens Ragnarsson FÍR	Helgi Þorvaldsson FÍR
Ómar Baldursson FRS	Jóhann Bjarnason FRS
Stefán Sveinsson FÍR	Rúnar Bachmann FÍR
Sigurgeir Ólafsson FSS	Sighvatur D Sighvatsson FSS
Sigurður Sigurðsson FÍR	Sigurjón Ingvarsson FÍR
Þórunn S. Jónsdóttir FRV	Valtýr Guðbrandsson RFS

Sambandstjórn

Aðalmenn	Varamenn
Anna Kr. Arnardóttir FRV	Björn Júlíusson FÍS
Arngrímur Magnússon FÍR	Björn Eysteinnsson FRV
Bjarni Harðarson FÍS	Brynjart Svansson FÍR
Einar Jón Ólafsson FRV	Guðjón Ingi Jónsson FÍR
Elmer H. Elmers FÍR	Haraldur Arnbjörnsson RFS
Haraldur Jónsson FÍR	Helgi Helgason FÍR
Ísleifur Tómasson FÍR	Hilmar Friðrik Árnason FNÍR
Júlía B. Þórðardóttir FÍR	Ingi Hauksson RFN
Snorri Jónsson FNÍR	Jón Pétursson FSK
Magni B. Sveinsson FÍR	Jónas Þ. Sigurgeirsson FÍR
Sigurður Ólafsson RFN	Bjarni Þór Ólafsson FSS
Sveinn Kjartansson FTR	Sigurður Karlsson FÍR
Viðar Már Þorsteinsson FSS	Þórður Bachmann FÍR
Þorsteinn Helgason RFS	Þorvaldur Þorvaldsson FRS
Þór Ottesen FÍR	

Starfsnefndir miðstjórnar :

Formaður kjörstjórnna v. stjórnarkosninga aðildarfélaga : Stefán Ó. Guðmundsson

Kjörstjórn og umsjón kjörskráa vegna afgreiðslu kjarasamninga : Stefán Ó. Guðmundsson, Sigurður Geirsson og Ísleifur Tómasson

Launanefnd RSÍ : Helgi Jónsson, Andri Jóhannesson og Sigurður Sigurðsson

Orlofsnefnd RSÍ : Sigurður Sigurðsson, Sigurður Ingi Hauksson og Sigurður Lúther Björgvinsson.
Varamaður: Borgþór Hjörvarsson.

Golfnefnd : Garðar Árnason, Guðbjörn Ólafsson, Magnús Jaroslav Magnússon og Víðir Tómasson.
Með þeim starfar Stefán Ó. Guðmundsson.

Úthlutunarnefnd styrktarsjóðs : Ísleifur Tómasson, Anna Vala Eyjólfsdóttir og Guðrún Guðmundsdóttir.

Ákvæðisvinnunefnd rafiðna : Tómas Bjarni Tómasson og Þorvarður Hjaltason.

Skoðunarmenn: Bára Halldórsdóttir, Grétar Guðmundsson. Til vara. Sigurður L. Björgvinsson

Stjórnarnemenn Stafa lífeyrissjóðs: Haraldur Jónsson aðalmaður og Andri Jóhannesson varamaður.
Þórir Hermannsson kjörnefnd

Stjórnir aðildarféлага

Stjórn Félags íslenskra rafvirkja : Stefán Sveinsson form., Björn Ágúst Sigurjónsson varaform., Sigurður Sigurðsson ritari, Jens Ragnarsson gjaldkeri. Meðstj. Jón Ingi Öfjörð, Gestur Magnússon og Sigurjón Ingvarsson

Stjórn Félags rafeindavirkja : Þórunn S. Jónsdóttir formaður, Andri Jóhannesson varaform, Davíð E. Sigmundsson ritari, Haukur Ágústsson gjaldkeri, Eyjólfur Ólafsson, Björn Eysteinnsson og Örn Kristinsson meðstj. Varam. í stjórn Svanur Þorsteinsson, Bára Halldórsdóttir og Ásvaldur Kristjánsson.

Félag íslenskra símamanna : Grétar Guðmundsson formaður, Guðrún S. Bergþórsdóttir, Bjarni R. Harðarson, Aðalheiður Gunnarsdóttir, Birna Dögg Granz. Varamenn í stjórn : Baldur Ingi Ólafsson, Anna Nína Stefnisdóttir, Hrönn Jakobsdóttir, Anna Vala Eyjólfsdóttir

Stjórn Rafvirkjafélags Norðurlands : Helgi Jónsson form., Brynjar Hermannsson varaform., Guðmundur Ingi Geirsson ritari, Sigurður Ólafsson gjaldk., Vigfús Ingi Hauksson meðstj. Sigurður Hjaltason og Aðalgeir Hallgrímsson varastj.

Stjórn Félags Rafiðnaðarmanna á Suðurlandi : Ómar Baldursson form., Jóhann Bjarnason varaform., Þorvaldur Þorvaldsson ritari, Birgir Sigurjónsson gjaldk., Óskar Ingi Böðvarsson meðstj., Steinar Guðjónsson og Helgi Guðmundsson varastj.

Stjórn Rafiðnaðarfélag Suðurnesja : Georg Georgsson form., Haraldur Arnbjörnsson varaform. Trausti Gíslason gjaldk. Arnar Arnoddsson ritari og Helgi Hilmarsson meðstj.

Stjórn Félag sýningarstjóra við kvikmyndahús : Einar Ág. Kristinsson form., Heiðar Friðjónsson ritari, Þröstur Arnason gjaldk. Guðjón Baldursson og Friðjón Guðmundsson meðstj.

Stjórn Tæknifólks í rafiðnaði : Anna Melsted form. Hafliði Sívertsen varaform., Sveinn Kjartansson, Þorsteinn Úlfar Björnsson, Ingvar Jónsson. meðstj. Gunnar Kristján Steinarsson og Sigurjón Ólason varam.

Stjórn Félags símsmiða : Sigurgeir Ólafsson form., Sighvatur D Sighvatsson varaform., Dagbjartur Brynjarsson ritari, Bjarni Þór Ólafsson gjaldk., Sigurður L Björgvinsson og Sigurbjörn Eiríksson meðstj.

Stjórn Félags nema í rafiðnum : Helgi Einarsson formaður, Hannes Páll Þórðarson varaformaður, Svanborg Hilmarisdóttir ritari, Arnar Guðlaugsson gjaldkeri, Rúnar Sigurður Sigurjónsson, Berglind Leifsdóttir og Hörður Bragason meðstjórnendur

Mennta- og fræðslunefndir

Sveinsprófsnefnd sterkstraum : Sigurður Sigurðsson form, Einar Ragnarsson og Stefán Sveinsson

Sveinsprófsnefnd veikstraum : Davíð Einar Sigmundsson, Andrés Einar Guðjónsson og Þorsteinn Jóhannsson.

Menntasjóður rafiðnaðarsins : Rúnar Bachmann og Örn Kristinsson. Varam. Sigurgeir Ólafsson
Eftirmenntunarn. veikstraumur, Rafeindavirkjar – Símsmiðir – Tæknifólk. **Aðalmenn** : Ólafur Ragnarsson, Sigurgeir Ólafsson, Sveinn Kjartansson og Vala Dröfn Hauksdóttir. Varamenn : Davíð E. Sigmundsson Viðar Már Þorkelsson, Hafliði Sívertsen og Andri Jóhannsson

Eftirmenntunarn. sterkstraumur, Rafvirkjar- Rafvélavirkjar – Rafveituvirkjar. **Aðalmenn** : Bergsveinn Kristinsson, Georg Georgsson, Guðmundur Gunnarsson og Helgi Þorvaldsson. Varamenn : Stefán Ó. Guðmundsson, Borgþór Hjörvarsson, Rúnar Bachmann og Þorvaldur Þorvaldsson.

Framkvæmdastjórn Rafiðnaðarskólans : Valgeir Jónasson form. Björn Ág. Sigurjónsson og Anna Melsted varam.

Framkvæmdastjórn Fræðsluskrifstofu rafiðnaðarins : Ísleifur Tómasson og Andri Jóhannesson
Starfsgreinaráð rafiðnaðarins, aðalmenn : Sigurður L. Björgvinsson fagn. símsmiða, Þórunn Stefanía Jónsdóttir fagn. rafeindav. og Helgi B. Þorvaldsson fagn. rafveituv. Varamenn : Borgþór Hjörvarsson fagn. rafv. og rafvélav., Anna Melsted skólan. Rafiðnaðarskólans og Guðfinnur Traustason skólan. Rafiðnaðarskólans

Nefndir á vegum ASÍ

Skipun fastanefnda ASÍ af hálfu RSÍ

Miðstjórn ASÍ : Guðmundur Gunnarsson, til vara Björn Ág. Sigurjónsson

Lífeyrisnefnd ASÍ : Guðmundur Gunnarsson, til vara Andri Jóhannesson


Alþjóðanefnd : Helgi Jónsson til vara : Anna Vala Eyjólfsdóttir

Atvinnumálanefnd : Borgþór Hjörvarsson, til vara Björn Eysteinnsson

Velferðarnefnd : Ísleifur Tómasson, til vara : Ómar Baldursson
Jafnréttis- og fjölskyldunefnd : Ísleifur Tómasson, til vara : Jens Ragnarsson
Mennta- og útbreiðslunefnd : Guðmundur Gunnarsson tilnefndur af ASÍ sem formaður nefndarinnar, Stefán Ó Guðmundsson, til vara : Stefán Sveinsson
Kjara- og skattanefnd : Björn Ág. Sigurjónsson, til vara : Georg Georgsson
Skipulags- og starfsháttanefnd : Guðmundur Gunnarsson, til vara : Grétar Guðmundsson
Vinnuréttar- og vinnumarkaðsnefnd : Björn Ágúst Sigurjónsson, til vara : Þórunn S. Jónsdóttir
Vísinda- og tækniráð: Rúnar Bachmann
Félagsdómur : Valgeir Jónasson, til vara : Bjarni Sigfússon
Starfsmenntaráð félagsmálaráðuneytis : Guðmundur Gunnarsson
Samstarfsnefnd Menntamálaráðuneytis um menntun í framhaldsskólanum : Guðmundur Gunnarsson
Stjórn Félagsmálaskólans : Guðmundur Gunnarsson, formaður skólalastjórnar
Stjórn Einarstaða : Björn Ág Sigurjónsson
Stjórn Furulundar : Björn Ág. Sigurjónsson
Stjórn Ljósheima : Björn Ág. Sigurjónsson
Stjórn Ölfusborga : Ísleifur Tómasson

Starfsemin

Þegar Rafiðnaðarsambandið var stofnað árið 1970 voru félagsmenn 450 og 80% þeirra rafvirkjar. Rafiðnaðarmönnum hefur fjölgað mikið frá stofnun sambandsins ekki síst vegna þróunar í atvinnulífinu. Eins hefur samsetning hópsins breyst samfara tækniþróuninni eins og sjá má á töflunni yfir félagsmenn. Árið 1980 hafði fjöldi rafiðnaðarmanna tvöfaldast og þeir orðnir um 900 og 10 árum síðar árið 1990 hafði sagan endurtekið sig og þeir voru um 1.700. Félag íslenskra símamanna gekk til liðs við RSÍ 1998 og um aldamótin voru félagsmenn orðnir um 3.300. Á síðasta ári fjölgaði félagsmönnum RSÍ úr 4.711 í 5.602 eða um 19%. Sá hópur sem bættist við á síðasta ári skiptist nokkurn veginn að jöfnu milli Íslendinga og erlendra rafiðnaðarmanna. Hvort tvöföldun á hverju 10 ára millibili haldi áfram og félagsmenn verði orðnir 6.600 árið 2.010 skal ósagt látið, en forysta sambandsins hefur sannarlega að ákveðnu markmiði að stefna. Gífurleg fjölgun rafiðnaðarnema ætti að leiða til meiri fjölgunar, auk þess verður að teljast að verulegar líkur eru á að erlendum rafiðnaðarmönnum með búsetu hér á landi fjölgi á næstu misserum.




Stéttarfélög eru grunneining verkalýðshreyfingarinnar. Þau hafa sérstakt og lögverndað hlutverk í stjórnkerfi hins íslenska þjóðfélags. Hjá þeim liggur samningsréttur og kjarasamningar sem þau gera verða að lögvernduðum lágmarkskjörum. Margir hafa haldið því fram að með þeirri þjóðfélagsþróun sem átt hafi sér stað seinni hluta síðustu aldar og í byrjun þessarar, hafi þörf fyrir hagsmunasamtök eins og stéttarfélögin horfið. Þar fara fremst boðberar nýfrjálshyggjunnar. Markaðsöflin hafa skapað vaxandi spennu milli vinnu og fjármagns. Einkavæðing og hagræðing undir stjórn eigna fjármagnsins krefst mesta arðs á sem stystum tíma og hefur ýtt til hliðar

langtíma hagsmunum. Fyrirtækin eru bútuð niður, starfsfólki sagt upp svo arður á næsta ársfundi verði sem mestur og hlutabréfin hækki. Það er liðinn sá tími þegar eigandinn var í fyrirtækinu og starfsfólkið stóð með honum í uppbyggingunni. Inn í þetta spilar hnattvæðingin, heimurinn er að minnka og er að verða að einu þorpi. Drifkraftur hnattvæðingarinnar er ásælni fjölþjóðafyrirtækja í auðlindir og ódýrt vinnuafli. Hnattvæðingin kom skyndilega til Íslands fyrir nokkrum árum þegar farið var að reisa Kárahnjúkavirkjun og Fjarðará. Skyndilega blasti við íslenskum launamönnum sá veruleiki, að þurfa að verja störf sín og þá ávinninga sem þeir höfðu náð á síðustu áratugum með mikilli förnfyri og löngum verkföllum.

Samtök frjálshyggjumanna stigu fram á völlinn og kynntu sig sem sérstaka verndara launamanna, sem stæðu vörð um réttindi þeirra, reyndar bara að því virtist hinna erlendu. Þeir töldu hlutverk sitt vera að verja þá fyrir fasistum íslenskrar verkalýðshreyfingar, eins og þeir nefndu það gjarnan. Þeirra sýn á stöðunni var að þessir verkamenn væru komnir hingað að fúsum og frjálsum vilja og tækju glaðir við því að fá að vinna hér fyrir 200 – 300 kr. á tímann, ekkert yfirvinnuálag, enga veikindadaga, orlofsdaga eða önnur lögbundin frí. Engar tryggingar og klára uppsögn á stundinni ef menn voguðu sér að mótmæla nokkru í aðbúnaði eða öðru. Ekki var óalgengt að starfsmannaleigurnar hefðu látið þá undirrita skuldbindingar um fjársektir sem námu allt að hálfum ársláunum ef þeir fullnægðu ekki öllum kröfum forsvarsmanna leiganna. Allur arður og öll réttindi átti að renna án viðstöðu og ósanngjarnrar skattlagningar beint og óskipt í vasa fjármagnseigandans. Þetta töldu frjálshyggjumenn sig þurfa að verja, þ.e.a.s. frelsi fyrirtækjanna til þess að koma fram við launamenn eins og þeim sýndist. Mörgum til mikilla vonbrigða stóðu íslensk stjórnvöld með þessum tilteknu fyrirtækjum og sjónarmiðum þeirra. En með afstöðu sinni var í raun verið að framlengja tilvist hinna bágu kjara sem hinir bláfátæku launamenn bjuggu við í tilteknum heimshlutum, jafnframt því að gera aðför að kjörum hinna verst settu hér á landi.

Meirihluti íslenskra stjórnámálamanna virtist á þessum tíma vera sannfærður um að það væri viljinn sem öllu réði og væri hin eiginlega orsök. Veruleikinn sem við blasti var ekki það sem réði. Þeir voru farnir að feta í fótspor heimspekingsins Altúngu úr sögu Voltaires; „Að allt væri í besta lagi, vegna þess að það gæti ekki verið öðruvísi.“ Þess vegna væri það fátíðlegt af forsvarsmönnum stéttarfélaganna að vera að barma sér yfir þessu ástandi og standa í vegi fyrir áframhaldandi þróun þess. Sama hversu niðurnýddur launamaðurinn væri af forsvarsmönnum fyrirtækjanna. Spaugstofan sá þetta með augum Voltaires og sýndi Félagsmálaráðherra á ferð um Kárahnjúka sem daufblindan mann, sem hvorki sá né heyrði nokkuð athugasvert. Þrátt fyrir að fram hefði komið að sumar starfsmannaleigurnar hefðu hafnað að leggja fram launaseðla, hefðu orðið uppvísar að því að innheimta margskonar kostnað af hinum lágu launum og fara jafnvel að því er virtist án athugasemda frá viðkomandi bönkum inn á einkareikninga starfsmanna sinna og taka út endurgreiðslu. Sumar starfsmannaleigurnar leigðu starfsmönnum sínum ömurlega aðstöðu fyrir okurfé, og jafnvel hafði komið fram að forsvarsmenn starfsmannaleigu sögðu að verkstjórar ættu að ganga í skrokk á hinum erlendu starfsmönnum ef þeir væru með eitthvert múður. Formaður RSÍ vakti athygli á þessu í fjölmiðlum og var umsvifalaust sakaður um kynþáttafordóma og kærður fyrir meiðyrði og fékk hæstu sekt sem þekkt hafði.



En það rann seint og um síðir upp fyrir stjórnvöldum að mótmæli stéttarféлага áttu rétt á sér. Lausnir byggðar á blekkingu losa okkur ekki úr blekkingarheiminum. Stjórnámálmenn höfðu bent á ranga skúrka og ásakað þá. Stjórnvöld höfðu með afstöðu sinni stutt við vaxandi neðanjarðarhagkerfi og skattsvik. Vinnuslysum fjölgaði mikið vegna lélegs aðbúnaðar á vinnustöðum og langstærstur hluti allra vinnuslysa varð hjá hinum erlendu gestum okkar. Þeir sóttu í hratt vaxandi mæli í þjónustu hins opinbera, án þess að nokkur gjöld bærust frá fyrirtækjunum til samfélagsins. Íslenskir launamenn í lægst settu störfunum stóðu frammi fyrir því að þurfa að setta sig við launalækkun og umtalsverða lækkun á heildarlaunum, sakir þess að erlendu farandverkamennirnir sátu að allri yfirvinnu. Réttindi og kjör hinna verst settu voru í hraðlest til hins lakasta sem þekktist í Evrópu undir stjórn nýfrjálshyggjunnar.

En frjáls borgari nýtur sömu réttinda og þeir sem göfugastir eru og frjáls hugsun beygir þolinmóð stjórnvöld og handhafa fjármagnsins undir markmið sín með samtakamætti sínum. Jafnréttishugsjónin á sér djúpar rætur meðal íslenskra launamanna og það er hún sem við viljum sjá sem raunveruleika í verunni. Þrátt fyrir hrakspár og óskhyggju andstæðinga samtaka launamanna þá hefur sá veruleiki og hátterni stjórnvalda og sjónarmið frjálshyggjunnar valdið því að þátttaka í stéttarfélögum hefur farið vaxandi. Fjölgun á einu ári í Rafiðnaðarsambandinu hefur aldrei orðið meiri en á því síðasta. Það hefur komið í ljós, þrátt fyrir margítrekaðar hrakspár hægri manna (sem nánsast hefur verið þráhyggja), að hið norræna módel stóð vel af sér gagnrýni og tilraunir frjálshyggjunnar. Hvergi í Evrópu hefur stöðugleiki og upp gangur atvinnulífsins staðið jafnvel. Samkeppnisstaða norðurlanda sýndi sig í að standast vel þessa áraun. Hún byggir á öflugum samtökum launamanna og atvinnurekenda. Samskipti á norrænum vinnumarkaði lúta ákveðnum reglum og eru reist á gagnkvæmu trausti.

Rafiðnaðarmenn báru gæfu til þess að hafa sterka forystu með mikla framsýni þegar skipulag sambandsins við stofnun þess var lagt upp þ.e. með sameiginlegum sjóðum og félagslegum rekstri frekar en að hafa samskonar fyrirkomulag og önnur sambönd íslenskra stéttarféлага hafa búið sér. Þar heldur hvert aðildarfélag úti sér félagssjóði, sér orlofssjóði, sér sjúkrasjóði og sér vinnudeilusjóði. Í þessu skipulagi rafiðnaðarmanna er landið allt eitt vinnusvæði og hefur losað þá algjörlega við þær deilur, sem oft hafa risið milli annarra verkalyðsfélaga um vinnusvæði og skörun kjarasamninga. Staða sambandsins er ákaflega sterk, rekstrarleg afkoma sjóða sambandsins var á síðasta ári jákvæð um liðlega 216 millj. kr. og hrein eign í árslok samtals liðlega milljarður. Reyndar er ástæða að geta þess að hér er um bókfærðar eignir að ræða og í mörgum tilfellum er raunvirði þeirra mun hærra. Þar má sérstaklega benda á fasteignirnar við Stórhöfða og svo orlofssvæðið við Apavatn. Það sem ber hæst á því kjörtímabili sem er að líða eru endanleg uppgjör og niðurstöður í hinu alvarlega ástandi sem skapaðist innan skólakerfisins og kom styrkur sambandsins vel í ljós í því ölduróti.

Félagsmannafjöldi

Nafn félags	2006	2006	2005	2005	2004	2003
	Fjöldi félagsm. allir	Greiðandi félagsm	Fjöldi félagsm. allir	Greiðandi félagsm	Fjöldi Félagsm Allir	Fjöldi félagsm allir
Félag nema í raf.	318	280	329	308	332	264
Félag símsmiða	201	198	223	205	216	214
Rafvirkjaf Norðurl	188	173	175	172	186	175
Félag ísl. rafv.	1.665	1.505	1.389	1.358	1.496	1.552
Félag rafeindav.	967	775	845	783	839	834
Félag raf Suðurl	136	114	110	105	120	113
Rafiðnf Suðurnes	130	93	126	100	118	102
Félag ísl. símam.	1.056	876	912	892	899	1.006
Félag sýningarstj.	34	31	35	35	40	36
Fél tæknif. í raf.	907	816	567	449	464	418
	5.602	4.861	4.711	4.407	4.710	4.714

Miðstjórn kemur saman einu sinni í mán. yfir vetrarmánuðina og heldur að jafnaði um 9 fundi á ári og hafa verið haldnir 32 fundur á kjörtímabilinu. Auk þess hefur framkvæmdastjórn haldið allmarga fundi, en hún nýtir einnig nokkuð samskiptatæknina til þess að taka afstöðu í hinum mikla hraða sem við búum við í dag. Fundargerðir miðstjórnar eru á heimasíðunni. Á vegum miðstjórnar starfa Úthlutunarnefnd styrktarsjóðs, orlofsnefnd, laganefnd og launanefnd.

Félagsfundir. Utan aðalfunda aðildarféлага fara flestir fundir fram á vegum RSÍ vegna sameiginlegra kjarasamningar og sameiginlegs félagslegs rekstur. Félagfundir eru haldnir með mismunandi löngum tímabilum. Minnkandi aðsókn á fundi er staðreynd sem öll félög horfast í augu við. Bein samskipti félagsmanna við skrifstofuna og trúnaðarmenn eru mun meiri en áður var í gegnum netið og einnig er ekkert mál að grípa upp GSM símann og hringja og leita upplýsinga. Heimasíðan er alltaf með allar nýjustu upplýsingar. Skrifstofan fær fleiri tugi fyrirspurna á hverri viku um tölvupóstinn og má segja að með vissu leiti standi yfir félagsfundur alla daga vikunnar, yfir netið.

Skrifstofan Starfsemi skrifstofunnar margþætt, lögð hefur verið á það áhersla undanfarin ár, að félagsmenn sjái sér hag í því að vera innan samtaka rafiðnaðarmanna frekar en að líta á það sem skyldu. Jöfn fjölgun hefur verið á félagsmönnum undanfarin ár, en hún tók umtalsverðan kipp á síðasta ári. Félagmenn hafa aðgang að lögmönnum ASÍ og RSÍ. Sambandið er með samninga við Löggarð, Láru V. Júlíusdóttir og Lagalind

Starfsmenn RSÍ : Guðmundur Gunnarsson form. Framkvæmdastjórn á skrifstofu. Kjarasamningar og samskipti út á við; ASÍ, nefndarstörf, og norræn samskipti og umsjón skrifstofu. Ísleifur Tómasson samskipti við vinnustaði, vinnuverndarmál, umsjón kjarasamninga við orkufyrirtækin. Anna Vala Eyjólfsdóttir umsjón með trúnaðarmönnum, samskipti við starfsmenn símafyrirtækja, félagaskrár, kynning á sambandinu og samskipti við verknámskólana Guðrún Guðmundsdóttir gjaldkeri, umsjón styrktarsjóðs og orlofsleigu. Birna Birgisdóttir bókhald. Björn Ágúst Sigurjónsson samskipti við vinnustaði, umsjón orlofshúsa, umsjón kjarasamninga við stórkaupmenn og almenna samnings, Björn Eysteinnsson samskipti við vinnustaði, umsjón ríkissamnings og samninga við fjarskitpafyrirtækin. Sigurður Steinarsson er í hlutastarfi og sinnir eftirliti á vinnumarkaðinum. Sæmundur Hrólffson umsjón og eftirlit orlofshúsa, hlutastarf.

Fræðsluskrifstofa rafiðnaðarins : Ísleifur Árni Jakobsson framkv.stj., Stefán Ó Guðmundsson. Stofan hefur samning við menntamálaráðuneytið um umsjón og endurnýjun námskráa rafiðnaðargreina. Mat á námi erlendra rafiðnaðarmanna, eins ef einstaklingar vilja hefja nám í rafiðngrein. Eftirlit með námsamningum. Umsjón prófabanka sveinsprófsnefnda og umsjón sveinsprófa. Samskipti við menntamálaráðuneyti og verkmenntaskóla. Skrifstofan starfar í nánú samstarfi við Félag kennara í rafiðngreinum.

Styrkir RSÍ til mannúðarmála. Á hverjum degi berast á skrifstofur RSÍ fjölmargar beiðnir um að styrkja margskonar málefni og flest þeirra eru mjög þörf. Það leiddi til þess að sú ákvörðun var tekin á fyrri þingum RSÍ að veita frekar færri styrki og hafa þá myndarlega. Á sambandsstjórnarfundum í Stykkishólmi í apríl 2006 var skipuð úthlutunarnefnd og var Haukur Ágústsson kjörinn formaður nefndarinnar. Beiðnir komu frá: Landsambandi eldri borgara, Hjalparlínunni, Eldri borgurum í Reykjavík, SÁÁ v/unglingastarfs, Björgunarsveitin í Stykkishólmi, MMD félaginu og AD/HD deild Snæfellsness

Allar umsóknirnar voru verðar þess að skoða þær, en ákveðið var að skipta upphæðinni ekki í meira en þrjá liði. Samþykkt var tillaga úthlutunarnefndar var um að: AD/HD deild Snæfellsness fengi kr. 200.000. Landsambandi eldri borgara fengi kr. 300.000 og SÁÁ v/unglingastarfs kr. 300.000.

Fjölskylduhátíð. Árleg fjölskylduhátíð RSÍ var að venju Jónsmessuhelgina í Skógarnesi á orlofssvæði RSÍ við Apavatn, 23 – 25. júní. Hátíðin var haldin af FÍR að þessu sinni í tilefni af 80 ára afmæli félagsins. Blíðskaparveður var og um 130 vagnar og tjöld á svæðinu og um 800 manns sóttu hátíðina sem hefur skipað sér veglegan sess hjá mörgum félagsmönnum og fjölskyldum þeirra. Keppt var í veiði, knattspyrnu, víðavangshlaupi, pútti og farið var í ratleik. Barnaskemmtun, pylsur grillaðar og margskonar gjöfum var úthlutað. Þegar kvöldi tók lék hljómsveitin Buff. Að lokum var kveiktur varðeldur niður við vatnið.

Tölvumynddiskur. Í tilefni af 35 ára afmæli Rafiðnaðarsambandsins var gerður mjög vandaður gagnvirkur tölvudiskur um störf og nám í rafiðnaðargeiranum sem sendur var til allra félagsmanna auk grunn- og framhaldsskólana. Á síðasta ári var haldið áfram að dreifa diskunum í grunnskóla og fyrstu bekkum framhaldsskólanna. Með diskunum er reynt að vinna gegn þeirri stöðu hversu neðarlega starfsmenntun er á lista ungs fólks við val á námsbrautum og hefur það tekist vonum framar, diskurinn hefur þegar skilað mikilli fjölgun í rafmagnsdeildir verknámsskólanna. Atvinnuástand innan rafiðnaðargeirans hefur ætíð verið mjög gott. Meðaltekjur rafiðnaðarmanna eru töluvert hærra en margra háskólahópa og arðsemi náms í rafeindavirkjun er hæst af þeim námsbrautum sem framhaldsskólinn býður upp á eða 16% og rafvirkjar fylgja þar fast á eftir. Arðsemi náms verkfræðinga er hæst háskólanáms eða um 20%, hjá læknum tæplega 20% og hjá viðskipta- og hagfræðingum er arðsemin svipuð og hjá rafvirkjum.

Spennugolf 2006 var haldið föstudaginn 30. júní á Kiðjabergsvelli. Til leiks mættu 60 keppandur að þessu sinni og urðu úrslit eftirfarandi:

Högggleikur án forgjafar: 1.sæti á 85 höggum: Helgi Ingason (39punkta, sigurvegari eftir talningu á síðustu 9 holum), 2.sæti á 86 höggum: Hörður Svavarsson, 3.sæti á 89 höggum: Helgi Valdimarsson

Punktakeppni : 1.sæti með 39 punkta: Jón Lúðvíksson, 2.sæti með 36 punkta: Helgi Einarsson, 3.sæti með 34 punkta: Óli Öder Magnússon

Lengsta upphafshögg á 13. braut. Helgi B. Þorvaldsson

Nándarverðlaun: 3. Braut: Helgi Ingasson 1,33m. 7. Braut: Guðrún Guðmundsdóttir 5,63m. 12.

Braut: Helgi B. Þorvaldsson 4,37m. 16. Braut: Jón Lúðvíksson 3,60m


Mótið tókst að venju mjög vel, völlurinn krefjandi en skemmtilegur.

Í sumar verður Spennugolfið haldið 29. júní á Strandarvelli við Hellu

Félagsgjaldið Á síðasta ári var samþykkt á aðalfundum hluta aðildarfélaga sambandsins að lækka félagsgjald um 10% eða í 1% úr 1.1% og fella niður þakið. Þetta þýðir í raun 10% lækkun hjá öllum félagsmönnum sem eru með tekjur undir upb. 5.3 millj. kr. í árslaun, en nánast óbreyttu félagsgjaldi hjá þeim sem eru með frá 5.3 – 6 millj. kr. árslaun og stígandi hækkun hjá þeim sem eru þar fyrir ofan. Á síðasta ári var endurgreitt um 5.5 millj. kr. til 470 félagsmanna eða um 1.000 kr. á mán. að meðaltali. Langflestir þeirra eru að fá um 10 þús. kr.

Þakið er bundið við hina opinberu launavísitölu. Í raun hefur það þýtt árlega lækkun á félagsgjaldi hinna hæstlaunu og þá á tekjum RSÍ, því meðallaun rafiðnaðarmanna hafa í mörg undanfarin ár

hækkað meira en launavísitalan. Margoft hefur verið rætt hvort það sé réttlátt að vera með þak á félagsgjöldum eða hvort eigi að fella það niður. Sé t.d. litið til síðasta árs þá hækkaði launavísitalan um rúm 6% og þar með þak félagsgjalda RSÍ um sömu tölu. En meðallaun rafiðnaðarmanna hækkuðu á sama tíma um 13%. Endurgreiðslumark þaksins hækkaði einungis um 7% í stað 13% og endurgreiðsla til félagsmanna varð því hærri, en hún hefði verið ef miðað væri við launavísitölu rafiðnaðarmanna einvörðungu. Í raun þýðir það að þeir sem eru að fá endurgreidd félagsgjöld eru að greiða lægri félagsgjöld en þeir sem hafa lægri tekjurnar. Maður sem er t.d. með 650 þús. kr. í mánaðarlaun er að greiða 0.7% félagsgjald, á meðan allir sem eru með laun undir 500 þús. kr. í mánaðarlaun eru að greiða 1.1%. Er það sú samtrygging sem við viljum?



Trúnaðarmannaráðstefna 2006 Selfoss.

Þann 16. og 17. nóv. var haldin á Selfossi árleg ráðstefna trúnaðarmanna rafiðnaðarmanna. Rétt til setu á ráðstefnunni eiga 130 trúnaðarmenn rafiðnaðarmanna. Ráðstefnuna sátu 80 trúnaðarmenn. Nokkuð fleiri höfðu boðað sig en komust ekki vegna veðurs. Við setninguna var Grétar Þorsteinsson forseti ASÍ. Hann fór ítarlega yfir stöðuna í málefnum erlendra launamanna. Verkalýðshreyfingin hefði á undanförunum árum þurft að verja umtalsverðum fjármunum í þá baráttu sem hefði snúist um að verja réttindi hinna erlendu gesta okkar. Margir hefðu viljað nýta sér stöðu þessa bláfátæka fólks til að hagnast á því. Því miður hafði það verið svo í upphafi að verkalýðshreyfingin hefði staðið ein í þessari baráttu og oftast talað fyrir daufum eyrum stjórnvalda. En stjórnvöld væru nú að vakna og þetta væri að batna.

Einnig var við setninguna Guðjón A. Kristjánsson form. Frjálslynda flokksins. Sú venja hefur skapast að bjóða stjórnmalamönnum að koma og segja frá helstu sjónarmiðum sínum. Nú var röðin komin að Frjálslynda flokknum. Guðjón kom víða við, hann fór ítarlega yfir afstöðu síns flokks til erlendra launamanna, enda hefur flokkur hans verið borinn þungum sökum um afkáralega afstöðu í þeim málaflokki. Guðjón lagði á það áherslu að þeir hefðu ekkert á móti því að erlendir launamenn kæmu hingað, en það mætti ekki vera eins það hefði verið hingað til að stjórnvöld og eftirlitsstofnanir réðu ekki við þann fjölda sem væri að koma. Takmarka yrði þann fjölda sem kæmi inn í landið. Stjórnvöld yrðu að byrja á því að undirbúa sig betur.

Formaður RSÍ fór yfir stöðuna í sambandinu og byrjaði umfjöllun sína á þörf reglna um uppsagnir og benti á uppákomurnar hjá ÍSAL/ALCAN. Uppsagnir þess fyrirtækis væru vandamál, sem ekki þekkist með samsvarandi hætti hjá öðrum fyrirtækjum hér á landi. Það hefur vakið athygli, eins og blaðafulltrúi Alcan hefur reyndar ítrekað bent á, fyrirtækið hefur undanfarið átt í stöðugum erjum við stéttarfélögin vegna uppsagna, sem allar virðast tilhæfulausar og fyrirtækið hefur ekki getað sett fram neinar skilgreindar ástræður fyrir. Framferði ÍSAL er sem betur fer ekki algengt hér á landi og leiðir til þess að stéttarfélögin hafa ítrekað sett fram kröfu um að ILO regla nr. 158 verði staðfest.


Verkalýðshreyfingin hefur ætíð staðið í eldlínunni í baráttu við að verja kjör hinna erlendu launamanna, en stjórnvöld hafi alla tíð verið erfiðasti hjallinn í þeim málum. Samkeppnisstaða

fyrirtækja byggist á góðu framboði á velmenntuðu og hæfu starfsfólki. Sé litið til langs tíma munu góð laun og vinnuástaða laða til sín góða starfskrafta og fyrirtækin sem búi við þannig stöðu verði sterkari og geti gert langtíma áætlanir. Í Noregi hefur verið unnið ötullega í því að jafna stöðu innflutts vinnuafis, næg vinna er í landinu og laun góð. Norsk fyrirtæki hefðu ekki náð þessum árangri, án þess að hafa nægilega margt starfsfólk. En það hefur gagnvirk áhrif þegar fólk sem hefur kynnst hvernig málin gangi fyrir sig á norðurlöndum og fer heim, þá ber það með sér þá reynslu sem mun leiða til þess að verkafólk í þessum löndum mun krefjast betri kjara.

Eftir sameiningu vinnumarkaðar í Evrópska efnahagssvæðisins hefur óttinn við flæði fólks frá fyrri Austur-Evrópuríkjum verið mikill í Vestur-ríkjunum. Hjá verkalýðshreyfingunni hefur óttinn beinst mest að því að farandverkamenn væru tilbúnir að vinna fyrir mun lægri laun og við mun lakari aðstæður en vestræn verkalýðsfélög höfðu náð fram með áratugabaráttu. Það er augljóst að vestrænir launamenn geta ekki með nokkru móti framfleytt fjölskyldum sínum á þeim launum sem aðflutt launafólk gat gert í sínu heimalandi. Rök fyrirtækjaeigendanna voru að þau yrðu að fá ódýrt vinnuafli til þess að standast samkeppnina og stjórnvöld tóku undir það og gerðu lítið til þess að koma skipulagi á innflutning á erlendum farandverkamönnum.

Erlendir félagsmenn í RSÍ

Um áramótin 2006/7 voru 329 af félagsmönnum RSÍ frá 25 löndum. Langflestir þeirra, eða 222 eru frá Póllandi og nær allir þeirra starfa hjá Bechtel við að reisa Fjarðaál. Annar áberandi hópur eru 19 Króatar og 17 Slóvenar, en þeir hafa verið við að reisa línu frá Fljótisdalsvirkjun niður í Reyðarfjörð.



Vegna umræðu um erlenda launamenn hér á landi og stundum dálítið einkennilega (vafasama) afstöðu manna til þeirra, þá hafa þessir rafiðnaðarmenn ekki verið til neinna vandræða hér á íslenskum vinnumarkaði. En sumir þeirra hafa aftur á móti lent í nokkrum vandræðum í samskiptum við starfsmannaleigur, sem hafa með einum eða öðrum hætti komið í veg fyrir að þeir fái réttindi sín staðfest. Það hefur svo leitt til þess að viðkomandi er á lægsta verkamannataxta að vinna fagvinnu.

Einnig er það ljóst að íslenskir rafiðnaðarmenn hafa einfaldlega ekki verið nægilega fjölmennir til að geta sinnt þeim störfum sem þessir gestir okkar hafa sinnt. En því miður hefur komið í ljós að það eru fleiri erlendir launamenn hér á landi sem eru að vinna við rafbúnað. T.d. hefur komið í ljós að um 60 pólskir rafiðnaðarmenn eru að vinna hjá fyrirtæki sem er undirverktaki við byggingu Fjarðaáls.

Ársfundur Norræna rafiðnaðarsambandsins á Íslandi 18. – 20 ágúst 2006

Norrænu rafiðnaðarsamböndin skiptast á um að fara með formennsku í Norræna rafiðnaðarsambandinu (NEF). Síðasta kjörtímabil hefur Ísland farið með þessa formennsku. Á ársfundi NEF í Reykjavík í ágúst, var farið yfir þau mál sem efst eru á baugi í hverju landi og starfið næsta ár skipulagt. Á fundinum lét Guðmundur Gunnarsson af formennsku í NEF og formaður norska sambandsins tók við næsta kjörtímabil.

Í Finnlandi er atvinnuleysi meðal rafiðnaðarmanna um 5 - 6%. Í gildi eru kjarasamningar til sept. 2007 árleg umsamin hækkun launa er 1,6%. 3 stærstu rafverktakafyrirtækin eru að yfirgefa Samtök atvinnulífsins, þar starfa um 3.500 rafvirkjar. Þetta getur leitt til þess að laun þeirra lækki eitthvað. Þeir eru enn að skoða sameiningu við Industriforbundet, en það er með 260.000 félagsmenn. Málmiðnaðarsambandið vill ekki koma inn í þessar viðræður.

Í Svíþjóð er 2,1% atvinnuleysi meðal rafiðnaðarmanna. Margir sænskra rafvirkja eru að störfum í Noregi við uppbyggingu á gas- og olíupöllum. Sænska rafiðnaðarsambandið hefur rætt við SEKO og eins Byggingarsambandið um hugsanlegar sameiningar, en í ljós kom að hagur rafiðnaðarmanna varð verri í báðum tilfellum og var það kolfellt á sambandsstjórnarfundum að halda viðræðum áfram og ætla sambandið að starfa óbreytt áfram. Í vandaðri framtíðarrannsókn sem þeir fengu almannatengslafyrirtæki til að vinna er reiknað með að fram til ársins 2010 fjölgi rafiðnaðarmönnum um 20%.

Í Danmörku er atvinnuleysi rafiðnaðarmanna 1,5%. Fækkun félagsmanna hefur undanfarið ár verið nokkur hundruð. Fækkun innan danska alþýðusambandsins síðasta ár var 42 þús. félagsmenn. Fyrirliggjandi aðalverkefni þeirra er undirbúningur undir endurnýjun kjarasamninga þ. 1. feb. 2007. Nú þegar liggur fyrir samkomulag um að hækka eftirlaunaaldur um 2 ár fyrir árið 2022. Árið 2015 á að meta hvort hækka þurfi aldurinn meira. Í áætlunum núna má reikna með að stúlka sem fæðist á þessu ári geti orðið 100 ára og það muni verða 80 ára gamall starfsmaður á dagheimili sem sjái um gæslu barns hennar.

Í Noregi er 2,8% atvinnuleysi hjá rafiðnaðarmönnum, uppistaðan þar eru öryrkjar og fólk sem er fallið í langtímaatvinnuleysi. Mikil vöntun er á starfsfólki og mikill fjöldi erlendra launamanna í landinu. Um 1.000 norrænir rafiðnaðarmenn eru að störfum í Noregi, langflestir sænskir og danskir. Öll stéttarfélag og hið opinbera fylgjast vel með því að aðbúnaður á vinnustöðum sé ásættanlegur og laun miðist við að fólk geti framfleytt sér í Noregi. Það eru 2 ár eftir af gildandi kjarasamningum, en nú stendur yfir endurskoðun þeirra. Atvinnurekendur hafa opnað á möguleika að semja um eftirmenntunarsjóði.

Ráðstefna um Rafiðnaðarskólann

SART og RSÍ stóðu fyrir ráðstefnu um stöðu Rafiðnaðarskólans 9. og 10. október 2006. Ráðstefnan var vel sótt af áhugamönnum um menntun í rafiðnaðargeiranum, umræður fjörugar og víða komið við. Áberandi var samstaða ráðstefnugestum að efla Rafiðnaðarskólann. Hann væri langbesti valkosturinn fyrir rafiðnaðarmenn í atvinnulífinu til þess að fylgjast með þróuninni í geiranum og bæta stöðu sína á vinnumarkaði. Eins kom fram að þetta ætti ekki síður við fyrirtækin ef þau vildu vera samkeppnishæf um verkefni.

Fram kom í umræðum ma að arðsemi náms væri ákaflega góð góð í geiranum, eða um 16% og mikið starfsöryggi. Margar háskólagreinar væru með um 8 – 21 % arðsemi í námi einungis 3 fyrir ofan rafiðnaðrgreinarnar með um 17 – 20%. Launakjör væru ákaflega samkeppnishæf við margar háskólagreinar. Það er ákaflega jákvætt viðhorf til Rafiðnaðarskólans bæði í geiranum og frá öðrum aðilum í atvinnulífinu og ekki síður innan skólaumhverfisins. Rafiðnaðarskólinn hefði gott orðspor og ímynd. Nemendur ánægðir með námskeiðin, umsgagnir ákaflega jákvæðar í öllum stærstu atriðum. Þrátt fyrir hið mikla fár sem reis upp, þá tókst þrátt fyrir allt að halda Rafiðnaðarskólanum að mestu fyrir utan umfjöllunina, enda snérist farið um skólana í Faxafeninu og persónuleg fjármál skólastjórans fyrrverandi.

Mikill samhugur um Rafiðnaðarskólann í rafgeiranum. Það var samdóma álit ráðstefnugesta að skólinn bjóði félagsmönnum SART og RSÍ upp á mjög ódýrt nám. Þetta er árangur mikillar miðstýringar sem hefur leitt til þess að hægt hefur verið að bjóða upp á fjölbreytt nám á þeim

sviðum sem þörfin er mest. Meistaránám hefur alla tíð verið öflugt, sérstaklega hjá rafvirkjunum. Hlutfallsleg þátttaka rafiðnaðarmanna, sérstaklega rafvirkjanna hefur alltaf verið mjög há sé litið til annarra starfsgeira. Það hefur tryggt jafna og örugga rekstrarafkomu skólans. Einnig er til þess að líta að mörg námskeið hafa gengið mjög lengi og eru uppistaðan í meistaránáminu. Þessi námskeið hafa verið uppfærð reglulega, en nokkur brögð á því að menn hafi áttað sig á því þegar þeir hafi verið að gagnrýna skólann fyrir að vera alltaf með sömu námskeiðin. Sama gildir um landsbyggdastefnu skólans. Hann hefur ítrekað reynt að bjóða upp á námskeið úti á landi en þátttaka hefur verið svo dræm að það er mun ódýrara að bjóða upp á ferðastyrki. Rætt var um hvort ekki mætti ganga lengra og bjóða landsbyggdarmönnum upp á lægri námskeiðsgjöld.

Skipulag og hlutverk Rafiðnaðarskólans. Form. RSÍ flutti erindi um skipulag og hlutverk skólans. Hann rifjaði upp þær ákvarðanir sem teknar voru þegar Rafiðnaðarskólinn var stofnaður. Ástæða þess hefði verið að aðrir skólar voru ekki að bjóða upp á það nám sem rafiðnaðargeirinn þurfti á að halda. Rafiðnaðarmenn hefðu strax farið aðrar leiðir en aðrir starfsgeirar sem voru að byggja upp eftirmenntun, með mikilli miðstýringu í námskerfi sínu. Með því hefði skipast möguleiki til þess að veita umtalsverðum fjármunum í að þróa námskeið sem aðrir starfsmenntasjóðir hafi ekki gert. Þeir fóru „auðveldu leiðina“, þ.e. að úthluta styrkjum án mikils eftirlits hvort það þjónaði þróun innan viðkomandi starfsgeira og lítið sem ekkert hefði farið til þess að þróa upp ný námskeið og námsefni.

Rafiðnaðarskólinn var strax settur í ákveðið “pabba” hlutverk í rafgeiranum og hefur verið beitt í því hlutverki að beina rafiðnaðarmönnum inn á tiltekin námskeið. Það hefði verið gert með tilliti til þess hvert fyrirtækin innan geirans ættu að leita eftir stærri og meiri verkefnum. Eftirmenntunarnefndir og skólinn ættu ávallt að vera í þeirri stöðu að vera framsýnni en fyrirtækin. T.d. mætti benda á iðntölvunámskeiðin, þar var Rafiðnaðarskólinn langfyrstur allra skóla í landinu og fá fyrirtæki hefðu verið byrjuð að nýta sér iðntölvustýringarnar. En háskólinn og Tækniskólinn hefði ásamt Vélskólanum sent kennara sína á námskeið í Rafiðnaðarskólanum og þetta hefði leitt til þess að rafiðnaðarmenn hefðu alla tíð verið leiðandi í þjónustu og uppsetningu þessara vinsælu stýringa. Fleira mætti nefna eins og t.d. ljósleiðaræknina þar sem skólinn hefði byggt mjög hratt upp öflug námskeið á undanförunum misserum.

Of mikil værukærð í rafgeiranum. En það mætti halda því fram með góðum rökum að góð verkefnastaða væri völd að of mikilli værukærð innan rafgeirans og honum til „vandræða“. Það hefði leitt til þess að „leti“ hefði færst yfir of marga. Margir hefðu spurt „Til hvers að vera að sækja fleiri námskeið og auka við þekkinguna, við höfum alveg nóg að gera.“ Þessi værukærð gæti leitt til þess að verkefni töpuðust úr rafgeiranum og einnig að menn væru ekki nægilega vakandi fyrir því að fá fleira ungt fólk inn í geirann. Einnig hefði ætíð borið á íhaldsemi hjá fyrirtækjum um val verkefna, við komumst ekki yfir öll þau verkefni sem fyrirtækinu bjóðast.

Undanfarið hefðu komið fram á markaðinn ný fyrirtæki sem eru að bjóða upp á samþætta alhliða þjónustu hvað varðar uppsetningu á netbúnaði ásamt örgyggis- og eftirlitstækni, sem hefði leitt til þess að menn væru komnir í sumu inn á starfssvið rafiðngreinanna. Þessi fyrirtæki eru oft að ráða lítt menntaða einstaklinga og þjálfa þá upp á þröngum sérsviðum. Starfsmenntakerfi rafiðnaðarmanna þarf að sinna betur fólki utan sveinsprófsgeirans og beina athygli sinni að ungu og vel menntuðu fólki. Einnig mætti benda á að verksmiðjuframleiðslu á húseiningum er sífellt að aukast sem leiddi til þess að raflagnir eru að flytjast af byggingarstað inn á gólf verksmiðjanna, sem oft eru staðsettar erlendis.

Það hefur lengi verið markmið rafiðnaðarins að tengja betur saman meistaraskólann og leiðir til framhaldsnáms á háskólastigi. Þetta hefði m.a. komið fram í áætlunum að tengja saman iðnfræðingsnámið við meistaraskólann. Nú væri í gangi umræða um Fagháskóla í kjölfar sameiningar Tækniskólans og Háskólans í Reykjavík. Það virtist vera svo að öll fagtengd atriði hefðu týnst í þeirri sameiningu. Þegar fjallað sé um starfsemi Rafiðnaðarskólans þarf ætíð að hyggja vel að því að hann er fagháskóli rafiðnaðarmanna og hyggja þarf að því að tengja hann við mögulegar leiðir til frekara háskólanáms.

Sambandsstjórnarfundur RSÍ í Stykkishólmi 27. og 28 apríl 2006.

Við setninguna var viðstaddur Sturla Böðvarsson samgönguráðherra og flutti ávarp þar sem hann fjallaði ítarlega um þróun samskiptaneta hér á landi og þörf þess að ganga enn lengra í að styrkja þá

Þróun, ef Ísland ætlaði sér að vera áfram fremst í flokki. Þetta væri grunnur þess að atvinnulíf væri samkeppnishæft hvar sem það væri staðsett á landinu og sama gildi um skólamenntun og ekki síður möguleika til símenntunar. Formaður sambandsins flutti setningarræða og kom víða við. Hann benti á að óstöðugleiki í efnahagsmálum hefði undanfarið stefnt öllum ávinning undanfarinna ára í voða. Gengissveiflur eru miklar og viðskiptahalli í sögulegu hámarki. Einkaneysla og fjárfestingar eru miklar og hafa fært skuldsetningu þjóðarinnar yfir hættumörk. Verðbólgan stefnir í að verða tvöfalt hærri en gert var ráð fyrir við gerð síðustu kjarasamninga og verði jafnvel þrefalt hærri á næsta ári. Afleiðingin er sú að kaupmáttur launa margra heimila er að dragast saman og greiðslubyrði lána vex hratt. Ekkert virðist geta komið í veg fyrir að kjarasamningar verði í uppnámi í haust.

Verkalýðshreyfingin hefur haldið því fram að það sé eins og forsvarsmenn stjórnarflokkanna virtust vera staðfastir í þeirri skoðun sinni, að ríkisstjórnin hafi ekkert hlutverk í hagstjórninni. Aðgerðir ríkisstjórnarinnar hafa frekar ýtt undir verðbólgu en hamlað gegn henni. Tímasetningar breytinga á íbúðalánakerfinu voru lítt ígrundaðar. Sama gildir um tímasetningar skattalækkana. Þetta hefur aukið á þensluna og ójafnvægið í hagkerfinu. Niðurstaðan er þekkt; háir vextir, miklar gengissveiflur og allt of mikil verðbólga. Svona hagstjórn er ekki góð undirbygging fyrir stöðugleikastefnunna. Háir vextir hafa ekki aðeins samdráttaráhrif, þeir eru verðbólguhvetjandi. Fyrirtækin velta háum vöxtum út í verðlagið. Háir vextir kynda undir háum launakröfum launamanna. Það verður sífellt erfiðara fyrir unga fólkið að tryggja sér húsnæði, kaupverð hækkar og vextir líka. Ríkisstjórnin stóð ekki við loforð sín um að lagfæra vaxtabótakerfið. Vaxtamaskínan malar áfram og gerir þá ríku ríkari og þá fátæku fátækari. Á undanförunum árum hafa skuldir heimilanna tvöfaldast. Íslendingar búa við allt önnur vaxtakjör en tíðkast í öðrum löndum. Raunveruleikinn hefur látið undan fyrir eftirlíkingum af sjálfum sér í meðförum stjórnmalamanna.

Íslenskum launamönnum tókst með baráttu alla síðustu öld að byggja upp réttlátan vinnumarkað. Það er víðtæk samstaða um þróun samfélags þar sem allir búa við sama rétt hvað varðar aðgang að heilbrigðisþjónustu, menntun, atvinnu og almennum lífsgæðum, ásamt stuðningi við þá sem eiga undir högg að sækja. Undanfarin misseri hafa sprottið upp fyrirtæki sem sjá möguleika á því að hagnast á því að nýta sér bága stöðu verkafólks frá fátækum svæðum í heiminum. Sumar starfsmannaleigur nýta sér stöðu bláfátækra heimilisfedra sem vilja sjá fjölskyldum farborða og bjóða þá til leigu á niðrsettu verði og hirða af þeim félagsleg réttindi og hluta umsaminna launa. Rafiðnaðarmenn hafa lagt á það áherslu að sama verði að gilda um alla sem hér starfa og þeir muni aldrei líða félagsleg undirboð.

Sambandsstjórn RSÍ tók heilshugar undir réttláta baráttu samtaka aldraðra. Íslensku samfélagi ber skylda til þess að búa öllum öldruðum öruggt umhverfi. Stjórnvöld hafa vikið sér undan því að takast á við þetta verkefni, og er það orðin svartasti blettur á störfum þeirra stjórnvalda sem hafa verið hér við völd um langan tíma.

Kjaramál

Endurskoðun kjarasamninga 2006. Í júní 2006 höfðu forsvarsmenn SA samband við forystumenn ASÍ og vildu ræða hvort aðilar gætu náð samkomulagi um endurskoðun kjarasamninga þá strax um sumarið. En í kjarasamningum voru ákvæði um að þetta ætti að gera í nóvember. Forsvarsmenn SA töldu hins vega að það gæti reynst skeinuhætt að bíða svo lengi því stjórnvöld væru búin að raska stöðugleikanum svo að verðbólga gæti hækkað umtalsvert á næstu mánuðum ef ekkert yrði að gert. Ljóst væri af ummælum stjórnvalda að þau höfnuðu alfarið að horfast í augu við þessa staðreynd. Forsvarsmenn ASÍ voru sammála grundvelli þeirra sjónarmiða, sem SA lagði fram og voru aðilar sammál um að hefja viðræður, sem leiddu til þess að SA lagði fram formlegt tilboð. Þar var lagt til að allir launataxtar hækkuðu um 12 þús. kr. á mán. frá og með 1. júlí 2006. Hafi viðkomandi starfsmaður viðbótargreiðslur umfram taxta lækka þær sem nemur þessari upphæð. Lagt var til að setja launaþróunartryggingu að lágmarki 4,5% frá júní 2005. Hafi starfsmaður ekki fengið launahækkun sem nemi þessari upphæð fái hann það sem upp á vantar. Ákvæðisvinna hækkar um 6%. Það var tillaga SA að ef þessu samkomulagi yrði, ljúki störfum viðmiðunarnefndar á þessu ári.

Miðstjórn RSÍ tók undir með SA að það stefni í óefni hvað varðar verðbólgu og grípa yrði til varna og aðgerða. Ef samningar næðust væru aðilar vinnumarkaðs að leggja sitt af mörkum til að mynda

umhverfi til niðurkeyrslu verðbólgunnar. Með þessu væri ríkisstjórninni stillt upp að vegg og öll ábyrgð á efnahagsþróuninni myndi þá hvíla á henni færðu mál enn meir úr böndum. Það ætti að vera stjórnvöldum keppikefli að mæta þar með gott bú, ekki allt á öðrum endanum í efnahagslífinu.

Málið var tekið til gaumgæfilegrar athugunar innan verkalyðshreyfingarinnar og lágu niðurstöður fyrir um miðjan júnímánuð. Það var helsti ásteitingarsteinn í augum miðstjórnarmanna hvort hægt væri að treysta ríkisstjórninni og eins hvort fyrirtækin og stjórnvöld nýttu tækifærið og hækka gjaldskrár sínar og hleypa út verðlagið kostnaðinum. Hin hliðin á peningnum var að mati miðstjórnar RSÍ hvort þessu yrði hafnað og þá yrði kjarasamningum næsta örugglega sagt upp frá og með næstu áramótum. Þá myndi verðbólga liggja vel yfir viðmiðunarmörkum. Ef kjarasamningum yrði sagt upp kæmu umsamar 2,9% launahækkunir um áramótin ekki til framkvæmda. Það myndi að venju taka tíma að ná samningum þannig að menn verða væntanlega að skoða hversu mikið þurfi að ná til að para launahækkunina og greiðslu launaukans frá 1. júlí.

Miðstjórn RSÍ ákvað að samningamenn sambandsins ættu að setjast að málinu með það að sjónarmiði að geta haft sem mest áhrif á efnahagsþróunina. Enn einu sinni væru aðilar vinnumarkaðsins búnir að taka að sér hagstjórnina. Það hefðu þeir einnig gert þegar þeir settu niður og bjuggu til Þjóðarsáttina og hafa reglulega þurft að grípa inn á frá þeim tíma.

Niðurstaða náðist og samkvæmt samkomulaginu skal starfsmanni sem var í starfi í júníbyrjun 2006 og hefur starfað samfellt hjá sama vinnuveitanda í a.m.k. 12 mánuði tryggð að lágmarki 5,5% launahækkun á þeim tíma. Hafi launahækkun starfsmannsins verið minni á tímabilinu ættu laun hans hækka frá 1. júlí 2006 um þá upphæð sem á vantar til að 5,5% hækkun sé náð. Með samkomulagi forsendunefndar teldist starfi hennar lokið og kjarasamningar halda gildi sínu út árið 2007. Næsta launahækkun yrði því 2,9% um áramótin 06/07.

Landsamböndin sömdu að auki við Samtök atvinnulífsins um 15.000 kr. taxtaviðauka sem bættist við alla mánaðardagvinnulaunataxta kjarasamninga þessara aðila. Þessi taxtaviðauki kom sem flöt hækkun á alla dagvinnulaunataxta og myndar grunn fyrir yfirvinnu- og vaktaálag. Hann myndar ekki grunn fyrir starfsaldurshækkunir eða bónusa. Þessum taxtaviðauka var ætlað að draga úr því misvægi á vinnumarkaði sem myndast hafði vegna launahækkana hjá hinu opinbera á undanföllum mánuðum og misserum.

Í þessu tilfelli er ekki um að ræða tiltekinn ráðningartíma enda hækkar launataxti viðkomandi launflokks. Taxtaviðaukinn hefur ekki áhrif á laun annarra en þeirra sem fá greidd laun samkvæmt umsömdum launatöxtum. Starfsmenn sem eru á hærri launum en nemur launatöxtunum í viðkomandi taxtakerfi eftir hækkun eiga ekki rétt á hækkun sem nemur taxtaviðaukanum. Þeir starfsmenn sem eiga rétt á taxtaviðauka eiga ekki rétt á launatryggingu.


Lágmarkslaun starfsmanna í rafiðnaði urðu 1. júlí 2006:

Lágmarkslaun	1. jan. 2003	30. jún. 2006	1. júl. 2006	1. jan. 2007
Rafiðnaðarm.	109.001	125.775	140.775	148.077
Sveinsprófsm.	129.290	165.028	180.028	189.474
1. árs sveinspróf	Ekki til	169.154	184.154	193.825
3ja ára sveinspr.	Ekki til	173.384	188.384	198.285
5 ára sveinspróf	163.191	191.384	206.384	217.268

Sé litið á RSÍ/SART töfluna þá fellur taxti 6 og flokkar þar fyrir út úr almenna launakerfinu. Neðsti taxti í almenna kerfinu fyrir rafiðnaðarmenn með sveinspróf verður taxti 17. Fyrir 1. árs svein er það taxti 18. Fyrir 3ja ára svein er það taxti 19. Fyrir 5 ára er það svein taxti 23, sem er jafnframt lágmarkstaxti rafiðnaðarmanna í virkjunum.

Lágmarksdagvinnuálag laun rafiðnaðarmanna með 3ja ára sveinspróf í virkjana- og stórfamkvæmdum með verkfæraperingum og orlofs. og des. uppbót fór í kr. 231.790


Ákvæðisvinnueiningin fór í kr. 384.63.



Endurnýjun kjarasamninga. Almennir kjarasamningar renna út um áramótin 07/08, en sérsamningar eins og t.d. verksmiðjusamningarnir, RARIK, Landsnet ofl. renna út í nóvember 2008. Næstu tveir vetur verða undirlagðir af viðræðum milli samningsaðila. Útilokað er að spá um hverjar verði helstu kröfur en ekki er ólíklegt að stéttarfélagin muni halda áfram að leggja sérstaka áherslu á að færa umsamda taxta nær raunlaunum.

Á yfirstandandi samningstíma hafa lágmarkslaun rafsveina hækkað úr 129.290 kr. í 189.474 kr. eða um 47%. Á sama tíma hafa meðal regluleg laun rafiðnaðarmanna hækkað úr 250 þús. í kr. 290 þús. eða 16% (Regluleg laun eru föst laun sem greidd eru fyrir 40 stunda vinnutíma). Meðalheildaralaun hafa á yfirstandandi samningstíma hækkað úr 330 þús. kr. í 405 þús. kr. eða um 23%, þar verður að líta til að meðalvinnuvika lengdist um rúm eina klst. á síðasta ári, eða úr rúmri 45 klst. í um 47 klst.

Hvað varðar samskipti við stjórnvöld er ekki ólíklegt að vextir og verðbólga verði ofarlega á blaði, frítekjumörk, örorkubyrði og hið illræmda skerðingarkerfi sem stjórnvöld hafa komið á sem veldur því að um 40% af því sem lífeyrissjóðirnir greiða út rennur beint í ríkissjóð og ójöfnuður hefur vaxið.



Fyrsti kjarasamningur við Fjarðaál. Þ. 17 maí 2006 undirrituðu RSÍ og Afl stéttarfélag á Austfjörðum fyrsta kjarasamning sem gerður hefur verið við Fjarðaál á Reyðarfirði. Samningurinn er í mörgu sambærilegur við kjarasamninga hinna álverana. En hann ber greinilega merki mannaúdstjórnunarformsins og verkefnastjórnunar með teymisvinnu sem ALCOA notar í sínum verksmiðjum. Samningstímabilið er til 30. nóvember 2010. Launahækkunir á tímabilinu eru sambærilegar og í öðrum kjarasamningum. Í samningnum eru endurskoðunarákvæði um að á miðjum samningstímanum skuli vikta saman launaþróun á markaði við launaþróun hjá Fjarðaál. Einnig er bókun í samningnum um viðbrögð ef endurskoðunarnefnd SA/ASÍ komist að þeirri niðurstöðu að segja upp launaliðum kjarasamninga. Fjarðaál mun kynna hugsanlegum verktökum á svæðinu að kjarasamningurinn gildi sem lágmark fyrir öll störf við framleiðslu- og viðhaldsstörf í verksmiðjunni.

Í samningnum eru 4 grunnlaunaflokkar og eru grunddaglaun á mánuði að meðtöldum grunnárangurstengingum frá um 175 þús. til 260 þús. kr. að viðbættum vaktaálögum og áætlaðri meðalyfirvinnu sem 16 yfirvinnutímar á mánuði, eru þessi grunnlaun á mánuði frá um 262 þús. kr. í um 393 þús. kr. Orlofsuppbót er kr. 100 þús. og desemberuppbót er einnig 100 þús. kr. Frammistöðuávinningur verður 0 – 30% af mánaðarlaunum, en hann er festur í 15% á meðan uppkeyrslu verksmiðju stendur, eða fram eftir árinu 2007. Stoðferlaálag verður kr. 19.000 fyrir alla starfsmenn greitt í mánaðarlega. Stoðferlaálag er til þess að vera starfsmönnum hvatning og viðurkenning fyrir framlag þeirra og vilja til þess að takast á við margskonar stoðverkefni við kjarnastarfsemi. Fjölhæfniálag verður 5%. Uppkeyrsluálag greitt verður 19 þús. kr. á mán.

Fyrirtækið mun standa fyrir margþættri fagmenntun fyrir starfsmenn m.a. í samvinnu við Verkmenntaskólann á Norðfirði. Auk þess mun fyrirtækið greiða í starfsmenntasjóði stéttarfélaganna. Iðnaðarmenn munu eiga kost á því að geta af eigin frumkvæði sótt fagtengd námskeið í viðurkenndum eftirmenntunarskólum til þess að fylgjast með breytingum í sinni faggrein.

Launakönnun RSÍ í september 2006.

Á ráðstefnu trúnaðarmanna RSÍ í nóvember 2006 var kynnt ný launakönnun sem Gallup gerði fyrir RSÍ. Unnið var 1200 manna úrtak í félagsskrá sem valið var eftir reglum Gallup. Svarhlutfall var 64.1%, sem telst gott í dag kom fram hjá starfsmönnum Gallup. Þegar hópurinn sem svaraði er skoðaður kemur í ljós að hann endurspeglar hlutföll starfsstétta innan sambandsins og eins kynjahlutfall. Starfsmenn RSÍ hafa öðru hvoru unnið launakannanir úr gögnum frá innheimtudeild. Þar geta þeir einvörðungu séð meðalheildarlaun, en ekki séð meðaldaglaun að meðalvinnutíma. Meðalheildarlaunin sem komu úr könnun Gallup eru mjög svipað og starfsmenn RSÍ hafa fengið í sínum könnunum

RSÍ fékk ágætiseinkunn. Í könnun Gallup var spurt hversu RSÍ hefði staðið sig almennt og fékk sambandið 3,7 í meðaleinkunn af 5 mögulegum, 67% töldu sambandið hafa staðið sig frekar vel eða mjög vel. Einnig var spurt um hvernig RSÍ hefði staðið sig í að gæta hagsmuna félagsmanna sinna, þar fékk sambandið hærri einkunn eða 73% sögðu sambandið hefði staðið sig frekar vel eða mjög vel, sem þýðir 3,8 í meðaleinkunn.

Meðalstarfsaldur 10 ár

- 90,5% voru í fullu starfi
- 82% voru í dagvinnu
- 6% stunduðu bæði vaktavinnu og dagvinnu
- 12% voru í vaktavinnu.

- 88,3% svarenda voru launþegar
- 7,1% voru sjálfstætt starfandi einyrkjar
- 2% nemar

Samsetning launa skiptist þannig :

- 58,2% voru á daglaunum og fengu yfirvinnugreidda samkvæmt unnum tímum
- 25,4% voru á föstum launum

- 12,7% voru á föstum launum, en yfirvinna umfram ákveðið mark greidd
- 2,9% tóku yfirvinnu að hluta til út í fríum.

Meðalvinnuvika 47 stundir. Heildarvinnutími var að meðaltali 199,3 stundir og meðalvinnuvika er 46,03 stundir.

- Meðaldagvinnustundir á mán. voru 163,6
- Meðaldagvinnustundir í viku voru 37,8
- Karlar unnu að meðaltali 41,3 yfirvinnustundir í september
- Konur unnu að meðaltali 8,7 yfirvinnustundir í september
- Rafvirkjar unnu 46,6 yfirvinnustundir að meðaltali í september
- Rafeindavirkjar 33, 6 yfirvinnustundir
- Aðrir 27 stundir.
- 12% af úrtakinu vann enga yfirvinnu
- 25% unnu 1 – 20 yfirvinnustundir
- 30% unnu 21 – 340 yfirvinnustundir
- 13,8% unnu 41 – 60 yfirvinnustundir
- 20% unnu yfir 61 yfirvinnustundir.

Þeir sem voru í fullu starfi unnu að meðaltali 40,6 yfirvinnustundir í september og voru meðalheildarlaun þeirra sem voru í fullu starfi 384.103 kr. Allar launatölur hér að neðan eru teknar úr svörum þeirra sem eru í fullu starfi.

Meðalheildarlaun 409 þús. kr. Þeir sem voru með sveinspróf eða meiri menntun voru með 409 þús. kr. í heildarlaun, en þeir sem voru með minnimenntun en sveinspróf voru með 330 þús. í meðalheildarlaun. Meðalheildarlaun rafvirkja í september voru 429 þús. kr. meðalheildarlaun rafeindavirkja 395 þús. kr. og tæknifólk í rafiðnaði var með 326 þús. kr.

- Meðaldagvinnulaun rafiðnaðarmanna septembermánuð voru 287.184 kr.
- Meðaldagvinnutímakaup var 1.657 kr.
- Meðaldagvinnutímalaun rafvirkja voru 1.643 kr.
- Meðaldagvinnutímalaun rafeindavirkja voru 1.777. kr.
- Meðaldaglaun tæknifólks í rafiðnaði voru 1.617 kr.
- Þeir sem voru með sveinspróf eða meira voru með 1.730 kr. að meðaltali fyrir dagvinnutímann
- Þeir sem voru með minna en sveinspróf voru með 1.489 kr. að meðaltali fyrir dagvinnutímann

Rafkonur draga á karlana. Konur hafa ætíð verið fámennar í röðum rafiðnaðarmanna og hefur það verið mörgum umhugsunarefni hvers vegna svo sé. Störf í rafiðnaði henta konum alls ekki síður en körlum. Í október 2006 voru 45 konur í RSÍ sem höfðu lokið sveinsprófum í rafiðnaðargreinum, en alls voru 585 konur í RSÍ. Í október 2006 voru á rafiðnaðarbrautum verknámskólanna 20 konur.

- Árið 1990 voru meðalmánaðarlaun rafiðnaðarkvenna tæp 100 þúsund, sem nam tæpum 70% af meðalheildarlaunum rafiðnaðarmanna.
- Í október 2006 voru meðallaun rafiðnaðarkvenna 305 þúsund kr. á mánuði og eru því með 87% af meðallaunum rafiðnaðarmanna.
- Meðallaun rafiðnaðarkvenna hafa því hækkað frá árinu 1990 þriðjungi meir en hjá körlum í stéttinni. Þarna gæti spilað inn að konur hafi sínum tíma ekki unnið jafnmikla yfirvinnu og rafiðnaðarkarlamir.

Tímalaun eða fastlaunasamningar. 58% félagsmanna fær greidd laun samkvæmt tímaskrift, en 42% er á fastlaunasamningum í einhverju formi, sem skiptast þannig :

- 26% á fastlaunasamningum sem eru samsettir af grunnlaunum og óunninni yfirvinnu.

- 13% á fastlaunasamningum sem eru samsettir af grunnlaunum og óunninni yfirvinnu, en yfirvinna umfram ákveðið mark er greidd
- 3% er á fastlaunasamningum þar sem yfirvinna umfram ákveðið mark er tekinn úti fríum

Þeir sem fá laun greidd samkvæmt tímaskriftum unnu að jafnaði 206 klst. í september. og voru með 411 þús. kr. í heildarlaun í vegnu meðaltali, eða kr. 1.995 í jafnaðartímakaup. Þeir sem eru á fastlaunasamningum unnu að jafnaði 195 klst. og voru með 406 þús. kr. í heildarlaun í vegnu meðaltali, eða kr. 2.092 í jafnaðartímakaup. Samkvæmt þessu vinna fastlaunasamningsmenn að jafnaði 2,5 kl.st skemur á viku, en eru með 5% hærri laun. Báðir hópar unnu svipaðan dagvinnutíma.

Lágmarksdaglaun hafa hækkað um 46% á samningstímanum. Á undanförunum árum hafa rafiðnaðarmenn lagt sérstaka áhersla á að hækka lágmarksdaglaun. Við endurnýjum samninga hafa þau ætíð verið hækkuð sérstaklega umfram almennar launahækkanir. Við skoðun á launaþróun innan rafiðnaðargeirans þá kemur í ljós að vinnutími minnkar í réttu hlutfalli við hækkaði daglaun. Við gerð Þjóðarsáttar árið 1990 var meðalvinnutími rafiðnaðarmanna 56 stundir á viku og meðalvinnutíminn var árið 2000 kominn í tæpa 50 tíma á viku. Í dag er meðalvinnutíminn um 46 tímar á viku.

Í lok síðasta samningstímabils voru lágmarksdaglaun rafiðnaðarmanna með sveinspróf 129 þús. kr. Samið var um að þau myndi hækka sérstaklega á samningstímanum á hverju ári umfram almennar launahækkanir og voru lágmarksdaglaunin í ársbyrjun þessa árs komin í 165 þús. kr. Þau hækkuðu um 15 þús. kr. í sumar og verða 1. jan. næstk. kominn í kr. 189 þús. kr. Lágmarksdaglaun rafiðnaðarmanna með sveinspróf hafa því hækkað næstk. áramót um 45,9% á þessum samningstíma. Á sama tíma og almennar launahækkanir hafa verið um 13%. Launaþróun hefur verið umtalsverð á þessum tíma og voru meðaldaglaun rafiðnaðarmanna í september 287 þús. kr.

Hlutföll milli tekjubila :

- 27% raf.m. með sveinspr. eru með dagl. á milli 200 til 250 þús. kr.
- 25% raf.m. með sveinspr. eru með dagl. á milli 251 til 300 þús. kr.
- 15% raf.m. með sveinspr. eru með dagl. á milli 301 til 350 þús. kr.
- 22% raf.m. með sveinspr. eru með hærri daglaun.

Hvað varðar efsta hópinn eru þar nokkrir af hinum svokölluðu pakkalaunamönnum. Þ.e.a.s. þeir sem hafa gert fastlaunasamning um kjör sín og þar er stundum erfitt að greina á milli daglauna og annarra þátta. Stóri hópurinn er á launaflokkum 28 til 36 með daglaun milli 240 til 290 þús. kr.

Orlofskerfi RSÍ

Töluverð breyting hefur átt sér stað á orlofseignum RSÍ undanförunum misseri. Á síðasta ári var ákveðið að færa starfsemina í Árnessýslu í Skógarnes orlofsvæðið við Apavatn. Með því að flytja orlofsstarfsemina á Suðurlandi á einn stað næst töluverð hagræðing á rekstrinum. Í haust var húsið í Hraunborgum selt, áður var búið að selja húsin í Snæfoksstöðum. Húsin í Brekkuskóg voru seld í vetur. Notkun húsanna í Kirkjubæjarklaustri hefur minnkað á undanförunum árum og í haust var annað stærra húsið selt og eitt minni húsanna. Nýverið var annað húsið í Skorradal selt og til stendur að selja hitt og taka það úr leigukerfi RSÍ í lok ágúst 2007.

Þau hús sem verða í rekstri orlofskerfisins í sumar verða : 1 hús í Skorradal. 2 hús í Svignaskarði. 1 raðhús hefur verið tekið á leigu í Stykkishólmi og kemur það í stað leiguhússins í Vestmannaeyjum. 1 hús í Vatnsfirði, 1 hús í Varmahlíð. 3 íbúðir á Akureyri. 1 hús í Vaglaskógi. 1 hús á Illugastöðum og er það að venju í skiptum fyrir annað hús RSÍ í Lóninu. 3 hús á Einarstöðum. 1 hús í Lóninu. 3 hús á Kirkjubæjarklaustri. 10 hús í Skógarnesi við Apavatn, þar af 5 ný glæsileg 90 ferm hús. 3 hús í Ölfusborgum og 5 íbúðir í Reykjavík. Samtals 36 orlofshús. Auk þess verða 2 fellihýsi í Þórsörk og 11 tjaldvagnar eru í leigukerfinu allir nýjir eða nýlegir. Erlendis eru í boði 2 íbúðir í Kaupmannahöfn, búið að bæta einni við frá því í fyrra og 2 hús á Spáni. Samtals 53 orlofseiningar

Skógarnes við Apavatn. Við Apavatn á RSÍ 25 hektara orlofssvæði. Þar eru rafiðnaðarmenn búnir að setja niður fleiri þúsund tré og svæðið nefnt Skógarnes. Um 4 km göngustígakerfi er með vatninu og um svæðið. Gestum er heimil veiði í vatninu. 9 holu púttvöllur og 9 holu æfingavöllur með 50 – 250 m þar 3 brautum. Knattspyrnuvöllur og þrjú stór vel búnin leiksvæði. Á svæðinu er rúmgott tjaldsvæði með góðri aðstöðu. Rafiðnaðarmenn hafa á undanförmum árum fjárfest í miklum mæli í fellihýsum og hjólhýsum þessir félagsmenn hafa með réttu haldið því fram að þeir eigi jafnmikinn rétt á þjónustu og þeir sem nýta orlofshúsin. Kröfur um vel búnin tjaldsvæði hafa því vaxið mikið undanfarin ár. Í Miðdal við Laugarvatn rekur RSÍ í samfélagi við önnur stéttarfélög 9 holu golfvöll. Félagsmenn fá kort að golfvöllinum gegn vægu gjaldi.

5 ný hús í byggingu í Skógarnesi. Um er að ræða stórglæsileg 90 ferm. hús með 10 ferm. útigeymslu og 80 ferm. verönd. Til samanburðar má nefna að húsin í Brekkuskógi voru um 56 ferm. auk 10 ferm. útigeymslu. Í húsunum eru 3 rúmgóð svefnherbergi, eitt þeirra þó langstærst. Rúmgott baðherbergi með sturtu. Dagrými er í suðurhluta hússins með góðu útsýni yfir vatnið og góð tenging við veröndina. Þar er borðstofa og glæsilegt eldhús með uppþvottavél og öllum tækjum. Á verönd er heitur pottur og í útigeymslu sem er staðsett við hlið heita pottsins er snyrting með sturtu og þvottavél. Uppgröftur úr grunnum var nýttur til þess að mynda hóla milli húsanna, þannig að hvert hús verður meir út af fyrir sig.

Í sumar verður tekinn þar í notkun nýr golfvöllur með 9 brautum sem eru frá 50 m. upp í 270 m. langar. Þessar brautir eru frekar hugsaðar sem æfingabrautir en fullbúnar brautir. Félag símamanna hefur styrkt þessa framkvæmd sérstaklega og verður völlurinn nefndur FÍS völlurinn. Einnig hefur sparkvöllurinn á túninu neðan við stóra húsið verið endurnýjaður umtalsvert. Jarðvegskipt var undir völlum og uppgröfturinn nýttur til þess að mynda skjólmanir sem einnig eru góð áhorfendasvæði.

Í fyrra var seinni hluti vegarins að Austurey malbikaður og í vor er áætlað að malbika síðasta hluta vegarins inn á svæðið. Einnig er búið að fjölga bílastæðum umtalsvert á svæðinu. En töluvert var kvartað undan því að erfitt var að athafna sig á tjaldsvæðunum vegna fjölda bíla. Með stækkun fellihjóla er orðið algengt að 2 – 3 bílar fylgi hverjum vagni.

Tjaldsvæðið hefur verið stækkað enn meir og í sumar bætist við svæði með litlum flötum í skóginum á austurhluta svæðisins. Samfara því að grafið var fyrir nýju veitukerfi vegna fjölgunar húsa var ákveðið að setja upp fullbúið rafkerfi á öll 3 tjaldsvæðin. Nú er búið að lengja göngubrautir meðfram vatninu og um svæðið og eru þær orðnar um 4 km. langar. Á síðasta ári voru um 7.000 gestir á orlofssvæðinu við Apavatn og iðulega á annað hundrað fjölskyldur um helgar á svæðinu síðastliðið sumar. Með vel búnu tjaldsvæði er verið að koma til móts við þá fjölmörgu félagsmenn sem hafa komið sér upp góðum útivistargræjum, en vitanlega eiga þeir jafnmikinn rétt innan orlofssjóðsins og þeir sem nýta orlofshúsin. Eftirtektarvert er hversu ör þróunin er í útilegubúnaðinum, td má til gamans geta þess að þegar bollarnir á elsta tjaldsvæðinu voru útbúnir sumarið 2000, þá var reiknað með að 4 – 5 tjöld og tjaldvagnar kæmust fyrir í hverjum bolla en nú eru það í mesta lagi 1 – 2 einingar sem komast fyrir þar. Í sumar verður bátaleigunni breytt þannig að allir gestir á svæðinu geta leigt sér bát, ekki einvörðungu þeir sem eru í orlofshúsunum eins og verið hefur.

Síðasta sumarið í Básun. Aðsókn í fellihýsin í Básun Þórsmörk hefur minnkað umtalsvert á undanförmum árum og liggur fyrir sú ákvörðun að hætta þeim hluta starfseminnar. Sjálfsgagt eru margar ástæður fyrir þessu, m.a. sú að geysileg fjölgun hefur verið á felli- og hjólhýsaeign okkar fólks á undanförmum árum.

Nýtt hús í Stykkishólmi. Undanfarin sumur hefur leigugjald húseiganda á húsinu sem RSÍ var með í Vestmannaeyjum hækkað það mikið að ekki var talið stætt á að vera þar áfram. Í stað þess hefur orlofsnefndin tekið á leigu nýtt 70 ferm. raðhús í Stykkishólmi. Fyrir golfáhugamenn sem voru helstu leigjendur hússins í Vestmannaeyjum má benda á að raðhúsið er staðsett í göngufæri frá golfvöllinum í Stykkishólmi, en aðgangur að völlum er endurgjaldslaus fyrir þá sem dvelja í húsinu.

Heitur pottur við húsið á Illugastöðum. Undanfarin sumur hefur orlofsnefndin skipt á öðru húsi sambandsins í Lóni og húsi á Illugastöðum í eigu Einingar á Akureyri. Húsin á Illugastöðum hafa

verið endurbætt verulega á undanförunum árum og nú er búið að setja heita potta við húsin. Sundlaug er við miðstöðina á svæðinu.

Húsið í Vaglaskógi endurbætt. Í fyrra var hið sérstæða og geysivinsæla orlofshús sambandsins í Vaglaskóg tekið í gegn og endurbætt verulega. Öll efri hæðin var tekinn í gegn, öll húsgögn og rúm endurnýjuð og gólfín á neðri hæðinni slípuð. Lagður var nýr vegur að húsinu. Fyrir liggur að leggja hitaveitu í dalinn á þessu ári og verður þá settur upp heitur pottur við húsið, en það næst ekki fyrr en í fyrsta lagi í haust.

Bætt við íbúð í Kaupmannahöfn. Íbúðin sem sett var í orlofskerfið í fyrra hefur reynst gífurlega vinsæl meðal félagsmanna og vart fallið úr dagur í leigu hennar. Því var ákveðið að bæta við annarri íbúð og gerður samningur um glæsilega 130 ferm íbúð í Nýhöfninni. Íbúðirnar á Spáni og í Kaupmannahöfn voru auglýstar fyrir jól og úthlutað í janúar. Til úthlutunar voru 79 einingar 51 í Kaupmannahöfn og 28 á Spáni, en umsóknareiningar voru 303. Áberandi var há punktastaða þeirra sem sóttu, þannig að með framboði þessara íbúða er orlofsnefnd RSÍ greinilega að mæta þörf félagsmanna sem ekki hafa verið að sækja um.

Þessi tafla sýnir rekstrarárangur orlofseigna mældan í leigutekjum á móti rekstrargjöldum, samanburð við árið 2006 og meðalárangur árana 2004 til 2006

	Fjöld.hús á árg.velli	Heildar- tekjur 2006	Heildar- gjöld 2006	Tekjur pr.hús 2006	Gjöld pr.hús 2006	Leiga sem hlutfall af rekstrar- kostnaði 2006	2005	Meðaltal 2000-2005
Reykjavík	4,25	2.422.500	2.053.432	570.000	483.160	118,0%	95,9%	88,9%
Skorradalur	2	475.200	784.912	237.600	392.456	60,5%	57,9%	63,2%
Svignaskarð	2	1.068.700	1.874.932	534.350	937.466	57,0%	43,5%	42,6%
Vatnsfjörður	1	199.400	542.712	199.400	542.712	36,7%	37,7%	29,5%
Varmahlíð	1	689.500	476.859	689.500	476.859	144,6%	187,1%	143,9%
Akureyri	3	1.941.900	1.210.887	647.300	403.629	160,4%	134,3%	112,4%
Vaglaskógur	1	186.000	1.246.324	186.000	1.246.324	14,9%	37,6%	41,9%
Einarsstaðir	3	743.300	2.200.157	247.767	733.386	33,8%	56,0%	38,7%
Klifabotn	2	356.000	431.352	178.000	215.676	82,5%	85,7%	53,5%
Klaustur	2	497.300	828.830	248.650	414.415	60,0%	86,3%	76,6%
Klaustur lítill - hús	3	454.900	504.462	151.633	168.154	90,2%	63,4%	66,9%
Brekkuskógur	3,5	1.831.600	6.204.368	523.314	1.772.676	29,5%	61,7%	67,7%
Apavatn	5	1.943.700	5.368.588	388.740	1.073.718	36,2%	41,5%	49,1%
Apavatn aðalh.	1	1.483.000	1.514.110	1.483.000	1.514.110	97,9%	112,1%	85,2%
Vestmannaeyjar	1	192.000	595.337	192.000	595.337	32,3%	27,1%	29,7%
Hraunborgir	0,75	307.200	1.061.532	307.200	1.061.532	28,9%	46,1%	67,4%
Snæfoksstaðir	0	0	256.375	0	256.375		38,3%	76,5%
Ölfusborgir	3	1.579.000	2.417.076	526.333	805.692	65,3%	57,8%	54,2%
Minniborgir	0,6	474.000	1.297.957	474.000	1.297.957	36,5%	0,0%	0,0%
Tjaldvagn/fellihýsi	11	836.500	1.552.078	76.045	141.098	53,9%	52,7%	74,2%
Spánn	2	1.200.000	837.420	600.000	418.710	143,3%	289,3%	180,6%
Kaupmannahöfn	0,75	1.649.500	2.428.288	1.649.500	2.428.288	67,9%	0,0%	0,0%
Tjaldstæði Apavatni	1	1.241.601	1.773.179	1.241.601	1.773.179	70,0%	101,8%	122,1%
Meðaltal	53,9	21.772.801	37.461.169	404.323	695.658	58,1%	69,0%	64,8%

Ath.

*Húsið á Snæfoksstöðum var selt árið 2005 en sá kostn.sem til fellur 2006 er v.sölulauna og uppgj.v/hitaveitu

Þessi tafla sýnir fjölda gistingu daga hverrrar orlofseignar eða svæðis og hlutfall nýtingar

Hús	Viðmið 2004				Viðmið 2005				Viðmið 2006			
	Dagar	Leigt	Hlutfall	Röð	Dagar	Leiga	Hlutfall	Röð	Dagar	Leiga	Hlutfall	Röð
	2004	2004	2004	2004	2005	2005	2005	2005	2006	2006	2006	2006
Reykjav. íb.	1460	1287	88,15%	1	1460	1317	90,21%	1	1.551	1337	86,19%	2
Skorrad	730	287	39,32%	13	730	219	30,00%	14	730	252	34,52%	15
Svignask	730	521	71,37%	4	730	475	65,07%	6	730	502	68,77%	4-5
Vatnsfj	365	97	26,58%	16	365	91	24,93%	15	365	97	26,58%	16
Varmahlíð	365	249	68,22%	5	365	258	70,68%	3	365	245	67,12%	6
Akureyri íb.	1095	936	85,48%	2	1095	837	76,44%	2	1.095	893	81,55%	3
Vaglask	365	79	21,64%	18	365	71	19,45%	19	365	85	23,29%	17
Einarsst	1095	307	28,04%	15	1095	267	24,38%	16	1.095	490	44,75%	11
Klifabotn	730	136	18,63%	19	730	148	20,27%	17	730	159	21,78%	18
Klaustur	730	292	40,00%	12	730	307	42,05%	12	730	296	40,55%	13
" smáhýsi	1095	309	28,22%	14	1095	375	34,25%	13	1.095	429	39,18%	14
Brekkusk	1460	976	66,85%	6	1460	879	60,21%	8	1.278	861	67,40%	8
Skógarnes	1460	860	58,90%	9	1460	837	57,33%	10	1.460	904	61,92%	9
" stóra hús	365	206	56,44%	10	365	228	62,47%	7	365	235	64,38%	7
Vestm.eyjar	730	170	23,29%	17	730	144	19,73%	18	365	57	15,62%	19
Hraunb	365	219	60,00%	8	365	211	57,81%	9	245	153	62,45%	9
Ölfusborgir	1095	692	63,20%	7	1095	734	67,03%	4	1.095	753	68,77%	4-5
Minni-Borg									210	93	44,29%	12
Spánn	730	336	46,03%	11	730	394	53,97%	11	730	392	53,70%	10
Kaupm.höfn									275	267	97,09%	1
Tjaldv-fellih	4015	641	15,97%		4015	625	15,57%		4.015	620	15,44%	20
	18980	8600	45,31%		18980	8417	44,35%		18.889	9120	48,28%	

Menntamál

	Framh							Alls. Iöngur	Rafgr
	Grundd	Rafvirk	Rafveiv	Rafvélv	Rafei.v.	Símism	rafiön		
Iönsk. Rvík	71	69	0	0	68	0	208	882	24%
Fjölbr Breiðh	53	138	0	0	0	0	191	668	29%
Iönsk. Hafnarf	54	37	0	0	0	0	91	309	29%
Fjölbr. Suðurn	21	17	0	0	0	0	38	140	27%
Fjölbr. Vesturl	13	19	0	0	0	0	32	102	31%
Menntask Ísaf	0	0	0	0	0	0	0	47	0%
Fjölbr Sauðárkr	0	9	0	0	0	0	9	114	8%
Verkmsk Ak	40	18	0	0	0	0	58	194	30%
Verkm Austurl	13	0	0	0	0	0	13	46	28%
Frsk Vestm.ey	0	0	0	0	0	0	0	20	0%
Fjölbr. Suðurl	12	0	0	0	0	0	12	105	11%
Samtals	277	307	0	0	68	0	652	2627	25%

Árlegur dagur iðn- og starfsmenntunar. Íslandsmóti iðnnema í rafvirkjun, trésmíði, dúklagningu, málun og málmsmíði var haldin 1. apríl 2006 í Kringlunni á göngunum þar. Auk þess var verkmenntaskólum boðið upp á að vera með kynningarbása á svæðinu. Valgerður Sverrisdóttur iðnaðarráðherra afhenti verðlaun. RSÍ er styrktaraðili að þessum degi og veitti rafvirkjanemum verðlaun.

Rafiðnaðarskólinn.

Á síðasta ári var starfsemin með í föstum skorðum. Fastir starfsmenn eru 8, auk þess sem yfir 20 stundakennarar koma að kennslu einstakra námskeiða, sumir á hverri önn aðrir sjaldnar. Á námskrá skólans eru um 60 mismunandi fagnámskeið. Meistaránám rafvirkja og rafeindavirkja fer fram í skólanum og er aðsókn rafvirkja góð en rafeindavirkjar eru fáir og gæti ástæðan verið sú að þeir sjái ekki nægan ávinning í meistararéttindum. Ný og endurnýjuð námskeið fóru í gang á síðasta ári og önnur eru í undirbúningi.

Ástundun í Rafiðnaðarskólanum

Félag nafn	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	Samtals
Ekki félagi innan RSÍ	1428	1398	870	333	223	163	81	4496
Félag íslenskra rafvirkja	414	410	381	332	278	324	89	2228
Félag íslenskra símamanna	45	58	18	4	3			128
Félag nema í rafiðnum	33	62	31	7	7	16	12	168
Félag rafeindavirkja	251	238	142	157	143	78	24	1033
Félag rafiðnaðarmanna Suðurl	25	30	91	31	39	43	1	260
Félag símsmiða	152	54	27	31	64	16	3	347
Félag sýningarmanna v/kvikmhús		1		1				2
Félag tæknifólks í rafiðnaði	86	79	59	29	13	28	2	296
Rafiðnaðarfélag Suðurnesja	28	38	50	49	41	44	4	254
Rafvirkjafélag Norðurlands	21	38	59	48	41	23	12	242
Samtals	2483	2406	1728	1022	852	735	228	9454

Hlutfall kennslustunda sé litið þátttakenda sem njóta niðurgreiðslu úr eftirmenntunarsjóðum

Félag nafn	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006	Samtals
Ekki innan RSÍ	98.970	70.939	25.600	9.470	6.146	4.780	2.115	218.020
Fél ís rafv	17.965	14.624	12.638	11.690	9.912	11.700	3.410	81.939
Fél ís símam	3.700	2.315	540	70	120			6.745
Fél nema	4.870	2.200	600	224	250	565	480	9.189
Fél rafeindav	17.835	8.895	5.130	5.064	3.980	2.850	960	44.714
Fél rafm Suðurl	920	1.600	2.164	990	1.395	1.420	40	8.529
Fél símsmiða	5.995	2.090	1.007	1.365	2.455	640	120	13.672
Fél sýnmstjóra		20		120				140
Fél tæknif í raf	8.474	3.475	3.330	900	307	1.075	80	17.641
Raffélag Suðurn	765	1.440	1.716	1.900	1.482	1.700	160	9.163
Rafvf Norðurl	755	1.199	1.572	1.847	1.447	785	480	8.085
Samtals	160.269	108.797	54.297	33.640	27.494	25.515	7.845	417.857

Kennslustundafjöldi eftir félögum

Rafvirkjar	92.106	56 %
Rafeindavirkjar	42.129	26 %
Símsmiðir	13.312	8 %
Tæknifólk	16.906	10 %

Styrktarsjóðurinn

Styrkir	2003	2004	2005	2006
Sjúkrabætur	44.552.481	35.343.252	41.414.703	58.105.974
Dánarbætur og jarðarfarir	4.193.482	6.014.503	3.423.669	7.437.920
Sjúkran. og sjúkraþjálfun	2.493.000	2.667.510	3.655.380	4.613.340
Sjúkrahúsaðgerðir	2.283.037	1.613.938	4.450.369	4.168.296
Ferðastyrkir	504.000	402.330	367.000	336.975
Líkamsr. og forvarnarstarf	6.851.890	8.174.320	9.799.836	10.803.202
Gleraugnastyrkir	0	0	3.579.402	8.803.395
Aðrir styrkir	5.545.096	3.380.872	4.012.440	3.724.424
Samtals	66.422.986	57.596.725	70.702.799	97.993.526

Styrktarsjóður rafiðnaðarmanna er einn af virkustu sjúkrasjóðunum innan verkalýðshreyfingarinnar og reglugerð sjóðsins veitir félagsmönnum og fjölskyldum þeirra eitt langöruggasta umhverfi sem þekktist í íslenski verkalýðshreyfingu. Styrktarsjóðurinn greiðir félagsmönnum bætur og styrki vegna veikinda og slysa, eftir að greiðslum frá atvinnurekenda lýkur. Þá greiðir sjóðurinn einnig útfararkostnað, dánarbætur og styrki sjóðsfélaga sem þurfa að fara sjálfir eða með einhvern úr fjölskyldu sinni til lækninga fjarri heimilum til Reykjavíkur eða erlendis. Einnig tekur sjóðurinn þátt í greiðslum vegna sjúkranudds og sjúkraþjálfunar.

Greiðslur sjúkrasjóðs janúar - mars - Samanburður milli ára

Tegund styrkja	2005		2006		Mismunur		
	Upphæð	Fjöldi	Upphæð	Fjöldi	Upphæð	%	Fjöldi
Aðrir styrkir	320.000	3	250.000	1	-70.000	-21,9%	-2
Aðrir styrkir	0	0	390.720	1	390.720	100,0%	1
Útfararstyrkir	308.669	1	2.254.000	7	1.945.331	630,2%	6
Ferðastyrkir	26.000	2	60.000	2	34.000	130,8%	0
Gleraugnastyrkir	0	0	2.239.068	79	2.239.068	100,0%	79
Glasa/tæknifrjógvun	321.340	6	181.603	4	-139.737	-43,5%	-2
Hjartavernd	83.980	9	30.140	4	-53.840	-64,1%	-5
Krabbameinsskoðanir	7.800	3	0	0	-7.800	-100,0%	-3
Líkamsræktarstyrkir	2.493.180	259	3.547.006	272	1.053.826	42,3%	13
Lyfjakostnaður	12.690	1	0	0	-12.690	-100,0%	-1
Lækniskostnaður	456.119	9	583.344	12	127.225	27,9%	3
Sjúkraþjálfun og nudd	467.100	49	1.108.140	72	641.040	137,2%	23
Sjúkradagpen 80%	9.830.917	26	13.542.345	29	3.711.428	37,8%	3
Sjúkradagpen -lágmi	579.367	3	0	0	-579.367	-100,0%	-3
Samtals styrkir	14.907.162		24.186.366		9.279.204	62,2%	

Lífeyrissjóðurinn Stafir

Á ársfundi Lífiðnar þ. 8. maí var Sameining Lífiðnar við Samvinnusjóðinn samþykkt með 79% atkvæða að sameinast Samvinnulífeyrissjóðnum, með þeim fyrirvara að bilið verði ekki of breytt milli sjóðanna um næstu áramót. Afkoma Lífiðnar er glæsileg og stendur hann langbest allra lífeyrissjóða. Ef að sameiningu verður lífeyrir hjá Lífiðn hækkaður um 17%.

Stofnfundur sameinaðs sjóðs, var haldinn 4 júlí þar var samþykkt að sjóðurinn hlyti nafnið *Stafir lífeyrissjóður*. Á fundi stjórnar hins nýja sjóðs var Guðmundur Hjaltason kosinn formaður stjórnar og Haraldur Jónsson varaformaður. Ólafur Sigurðsson, sem verið hefur framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Lífiðnar, verður framkvæmdastjóri sjóðsins.

Ársfundir beggja sjóða höfðu áður samþykkt samning um samruna þeirra. Samrunasamningur sjóðanna kveður á um að eignir og skuldbindingar þeirra renni saman frá og með 30. júní 2006. Heildareignir sameinaðs sjóðs eru áætlaðar um 67 milljarðar og eru greiðandi sjóðfélagar tæplega tíu þúsund. *Stafir* verður fimmti stærsti lífeyrissjóður landsins.

Áætlanir gera ráð fyrir að rekstrarhagræði sem hlýst við samruna hækki ellilífeyrisgreiðslur ef lítið er til framtíðar. Að auki hefur stærri sjóður betri möguleika á að nýta sér tækni, hugvit og aðstæður á markaði en lítill sjóður. Gera má því ráð fyrir að þess sjáist merki í ávöxtun eigna sjóðsins og þjónustu hans við sjóðfélaga.

Nafnið *Stafir* er margrætt og vísar í senn til stuðnings, styrks og birtu, auk þess að standa fyrir grundvallareiningar ritmálsins í stafrófinu. Margræðni orðsins verður nýtt til að auðkenna ólíka þætti í þjónustu lífeyrissjóðsins. *Upphafsstafir* verður notað fyrir séreignaleið sem hentar ungum sjóðfélögum sem eru að hefja sparnað, *Kjarnastafir* verður leið fyrir þá sem kjósa að ávaxta séreign á sama hátt og samtryggingardeild sjóðsins. Að lokum verður eldri sjóðfélögum boðið upp á örugga ávöxtunarleið undir nafninu *Sólstafir*.

Á stofnfundi *Stafa lífeyrissjóðs* voru meðal annars samþykktar viljayfirlýsingar sem snúa að því að auka lýðræði, auka fjölskyldubætur og að því að iðgjaldi verði að hluta varið til öflunar lífeyrisréttinda í séreign og að hluta í sameign.

Í stjórn næsta tímabil voru kosnir frá launþegum þeir: Haraldur Jónsson, Karl Stefánsson, Níels S. Olgeirsson og Sigurður Sigfússon. Frá atvinnurekendum: Arnbjörn Óskarsson, Erna Hauksdóttir, Guðbrandur Þ. Guðbrandsson og Guðmundur Hjaltason.

Um áramótin tók svo *Stafir* nýr sameinaður sjóður Lífiðnar og Samvinnulífeyrissjóðsins formlega til starfa. Sjóðurinn mun starfa eftir nýjum samþykktum sem staðfestar hafa verið af fjármálaráðuneytinu. Með þessu aukast aldurstengd réttindi sjóðsfélaga um 16 – 20%, sem segir til afar sterka stöðu þessa sjóðs. Þetta er að þakka ákaflega góðum árangri í ávöxtun sjóða og góðum rekstri.

Þegar samþykkt hafði verið að sameina sjóðina var staða einstakra deilda og sjóðanna í heild metin með tryggingarfræðilegum útreikningum í því skyni að jafna réttindi sjóðsfélaga við sameiningu. Niðurstaðan varð sú að útteila nú alls 5.7 milljörðum kr. til að auka aldurstengdu réttindin. Lífeyrissjóðirnir færa þannig sjóðsfélögum mikla og góða nýársgjöf á þessum tímamótum.

Stafir lífeyrissjóður verður einn af stærstu lífeyrissjóðum landsins með yfir 50.000 sjóðsfélaga. Iðgjaldtekjur *Stafa* verða um þrjár milljarðar á rið 2007 og eignir sjóðsfélaga nema um 73 milljörðum króna.

	2005	2004	2003	2002	2001
Ellilífeyrir	189.260.028	164.234.982	138.362.580	109.818.974	90.378.008
Örorkulífeyrir	111.463814	93.566.713	90.520.148	64.956.599	53.876.987
Makalífeyrir	46.201.839	40.777.444	38.875.235	34.233.919	29.890.886
Barnalífeyrir	7.500.619	6.620.471	5.475.066	4.799.869	3.744.140
Samtals:	354.426.300	305.199.610	273.233.029	213.809.361	177.890.021

Hrein eign til

greiðslu lífeyris	33.447.367.190	27.249.423.571	22.826.729.365	19.018.917.261	18.151.494.342
Sjóðfélagalán	3.397.170.658	3.643.411.312	3.721.243.344	3.311.820.494	2.796.315.227
Innkomin iðgj	2.021.896.165	1.671.975.266	1.616.903.769	1.482.057.573	1.480.556.250

Lífið er tíundi stærsti lífeyrissjóður landsins. Eignir hans eru rúmlega 33 milljarðar, og jukust þær um tæplega 23% á síðasta ári. Á árinu greiddu 5.242 einstaklingar til sjóðsins örlítið fleiri en árið áður. Iðgjaldtekjur jukust um 21% og námu 2.022 milljónum í árslok. Samtals eiga 12.889 einstaklingar réttindi hjá sjóðnum. Á liðnu ári greiddu 1.332 launagreiðendur til sjóðsins vegna starfsmanna sinna.

Í mjög athyglisverðri skýrslu SA um lífeyrissjóðakerfið kemur fram að Lífið er með yfirburðastöðu í samanburði við aðra lífeyrissjóði. Á árinu 2004 eru það tveir lífeyrissjóðir sem eiga fyrir skuldbindingum Lífeyrissjóður Vestfjarða á um ½% og Lífið tæp 4%.

Það vantar verulega á að aðrir sjóðir eigi fyrir skuldbindingum. Það er athyglisvert þar sem aðrir lífeyrissjóðir hafa skert réttindi verulega, allt upp í 20%, á meðan Lífiðna einn sjóða skerti ekkert. Þar til viðbótar fengu sjóðsfélagar annarra sjóða ekki bætt réttindi við auknar innngreiðslur sem komu í síðustu kjarasamningum á meðan þær jukust hjá Lífið.

Meðaltal hreinnar raunávöxtunar frá stofnun er 5,6%. Hrein raunávöxtun sjóðsins á árinu 2005 var jákvæð um 11,28%. Erlendir jafnt sem innlendir verðbréfamarkaðir voru hagstæðir á árinu eins og á árinu 2004. Styrking á gengi íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum hafði neikvæð áhrif á afkomu erlendra verðbréfa á árinu.

Starfsmenn Lífiðnar eru 8 og meðalstöðugildi 8. Miklar breytingar hafa orðið í rekstri lífeyrissjóða. Öflugra eftirlit er komið á til að fylgjast með því að allir greiði í lífeyrissjóð, og fylgja skattayfirvöld því eftir.

Stjórn sjóðsins er skipuð eftirfarandi mönnum. Haraldur Jónsson varaformaður, Þórir Hermannsson og Níels S. Olgeirsson fyrir launamenn og Tryggvi Guðmundsson formaður, Arnbjörn Óskarsson og Sveinn Jónsson fyrir atvinnurekendur. Framkvæmdastjóri sjóðsins er Ólafur Sigurðsson.

Hlutverk Lífiðnar er að tryggja öryggi sjóðfélaganna, maka þeirra og barna, í framtíðinni. Sjóðurinn greiðir sjóðfélögum sínum eftirlauna- og örorkulífeyri og maka- og barnalífeyri við fráfall sjóðfélaga. Í Hjá sameignarsjóðum gerir enginn kröfur um útgreiðslu arðs, heldur renna öll iðgjöld til uppbyggingar lífeyrisréttinda. Enginn hagnast á rekstri sjóðsins aðrir en sjóðfélagar.. Stefna Lífiðnar hefur verið að auka þjónustu á sviði heilsu- og líftrygginga og fyrsta skrefið í því var að stofna séreignarsjóð sem valkost fyrir þá sem vilja leggja meira fyrir í lífeyrissjóð en því sem nemur skyldu iðgjaldi. Lífið hefur boðið allt að 10 sparnaðarleiðir í séreign, en á árinu 2005 var þeim fækkað í fjórar. Ættu allir að geta fundið hentuga sparnaðarleið hjá sjóðnum eftir sem áður

Tryggingastaðan Tryggingastaða lífeyrissjóða segir til um hversu vel sjóðirnir eru í stakk búnir til að standa við skuldbindingar sínar og er tryggingastaða Lífiðnar afar traust. Samkvæmt tryggingafræðilegri úttekt eru eignir Lífiðnar 6,7% meiri en heildarskuldbindingar og er það með því betra sem sést hjá lífeyrissjóðum almennt. Eignasamsetning Lífiðnar hefur ásamt breytingu í aldurstengt réttindakerfi valdið því að sjóðurinn er með mjög trausta stöðu þrátt fyrir nokkur erfið ávöxtunarár í fortíðinni.

Niðurstaða úttektarinnar staðfestir það að tryggingastaða Lífiðnar í dag er mjög sterk. Lífið er einn af fáum sjóðum landsins sem á eignir umfram heildarskuldbindingar og nemur umframeignin 3,9 milljörðum króna eða 6,7% umfram skuldbindingar.

Sundurliðun tryggingafræðilegrar athugunar í milljónum króna:

	Áfallin- skuldbinding	Framtíðar- skuldbinding	Heildar- skuldbinding
Eignir			
Hrein eign	32.677		32.677
Fjárfestingargjöld	-962		-962
Núvirði verðbréfa	1.032		1.032
Núvirði framtíðariðgjalda		30.070	30.070
Eignir samtals	32.747	30.070	62.817
Skuldbindingar			
Ellilífeyrir	22.583	21.977	44.560
Örorkulífeyrir	2.563	3.054	5.617
Makalífeyrir	3.837	3.313	7.150
Barnalífeyrir	38	403	440
Rekstrarkostnaður	357	723	1.080
Skuldbindingar samtals	29.378	29.470	58.848
Eignir umfr. skuldbindingar	3.369	600	3.969
Í hlutfalli af skuldbindingum	11,5%	2,0%	6,7%

Með nýjum kjarasamningum hefur sveigjanleiki aukist til greiðslu í séreignarsjóði og hafa margir nýtt sér það hjá Lífiðn. Sameignarsjóðum ber samkvæmt lögum um lífeyrissjóði að tryggja fólki 56% af meðalmánaðarlaunum í mánaðarlegan lífeyri þegar eftirlaunaaldri er náð, og gerir Lífiðn raunar betur en það við sína sjóðfélaga. En það segir sig sjálft að vilji fólk halda svipuðum lífsstíl eftir að taka eftirlauna hefst, verður það að auka við séreignarsparnaðinn svo það megi nást. Það sem gerir séreignarsparnað sérlega hagstæðan er bæði skattfrestun á iðgjaldi og ekki síður mótframlag launagreiðenda, sem er 2% á móti að lágmarki 2% framlagi launþega.

Niðurlag

Í skýrslu sem þessari eru ekki týnd til öll atriði sem upp koma í rekstri sambandsins, einungis þau stærstu. Skýrslan ber glögg merki þess að RSÍ er öflugt samband með ákaflega virka starfsemi. Allur félagslegur rekstur er sameiginlegur og sjóðir sambandsins eru öflugir og veita félagsmönnum og fjölskyldum þeirra bestu tryggingu sem þekkt innan verkalýðshreyfingarinnar. Sambandið gerir alla kjarasamninga rafiðnaðarmanna og samstarf þess við önnur sambönd norræna rafiðnaðarmanna gerir það að verkum að öll norðurlönd eru eitt vinnusvæði hinna 130 þús. norrænu rafiðnaðarmanna. Þetta skipulag hefur reynt rafiðnaðarmönnum vel og sambandið kemur mörgu í verk og deilur milli aðildarfélaga nánast óþekktar.

Við höfum valið þann kost að fara ítarlega yfir öll stærstu atriði í rekstri sambandsins. Skýrslurnar eru í raun saga sambandsins. Auk þess komast ekki allir félagsmenn til aðalfunda og geta leitað sér upplýsinga í skýrslunni. Á tímum netsamskipta er hætt við að gögn glatist, þau eru send milli tveggja aðila og oftast ekki prentuð út og týnast því í glatkistu hverfulla minniseininga tölvunnar. Þegar til framtíðar er litið er hætt við að sagnfræðingum muni vanta mörg brot til þess á setja saman heildstæða mynd af sögunni, við því er reynt að bregðast með skýrslum miðstjórnar.

Við lestur skýrslunnar er augljóst að það eru tvö atriði sem standa upp úr frá líðandi kjörtímabili, skólamálin og deilurnar vegna þeirra og holskefla erlendra farandverkamanna inn á hinn íslenska vinnumarkað. Í skólamálinum sýndi forysta sambandsins mikinn styrk og tók forystu þeirra sem að samstarfsskólunum stóðu. Miðstjórnin leiddi sambandið og samstarfsaðilana í gegnum alla brotsjóina öruggri hendi. Íslenskt þjóðfélag og vinnumarkaðurinn var ekki undirbúinn undir skyndilegan innflutning á 10 þúsund farandverkamönnum. Stjórnvöld voru sein að taka við sér og óvandaðir menn hafa nýttu sér það til að hagnast á stöðu hinna bláfátækra launamanna sem flúðu atvinnuleysið heima fyrir og komu hingað á norðurhjaran langan veg frá heimilum sínum til þess að

afla fjölskyldum sínum viðurværis. Rafiðnaðarsambandið hefur verið ákaflega virkur þátttakandi í baráttunni fyrir réttindum þessa fólks og haft betur.

Kjörtímabilið sem er að líða og það komandi einkennast af því að forysta sambandsins er að ganga í gegnum kynslóðaskipti. Áberandi menn í miðstjórn sambandsins drógu sig til hlés á síðasta kjörtímabili og nokkrir til viðbótar hafa lýst því yfir að þeir gefi nú kost á sér í síðasta skipti, þar á meðal er undirritaður. Jafnframt hvetur miðstjórn sambandsins til þess að 16. þingið fylgi þeirri hefð sem hefur ætíð tíðkast innan norrænu rafiðnaðarsambandanna, þ.e.a.s. velja framtíðar eftirmann formanns svo hann geti starfað síðasta kjörtímabilið með sitjandi formanni og tekið við sambandinu á næsta þingi. RSÍ á seturétt í ýmsum innlendum og erlendum stjórnnum og ráðum. Með afgerandi og áberandi afstöðu og öflugri þátttöku í stefnumörkun við þróun vinnnumarkaðsins hefur miðstjórn sambandsins tekist að marka sér ákveðinn sess hér landi og eins innan norrænnar verkalýðshreyfingar og mikilvægt að sú staða glattist ekki.

Guðmundur Gunnarsson